

Þjónustuborð
Service desk

Ársskýrsla 2020

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn



13.03.2020

Lokað vegna samkomubanns

Samkomubann þar sem fleiri en 100 einstaklingar koma saman hefur verið sett í landinu. Tekur það gildi á miðnætti 16. mars...

+ Sjá nánar

Fyrsta tilkynning um Covid-19 á vef safnsins.

Ríkisstjórn Íslands kynnti á blaðamannafundi í morgun samkomubann vegna COVID-19, sem gildir frá og með mánudeginum 16. mars kl. 00:01, og gildir það í fjórar vikur, til og með 13. apríl kl. 00:01. Með samkomubanni er átt við skipulagða viðburði þar sem fleiri en 100 manns koma saman. Við öll minni mannamót þarf auk þess að tryggja að nánd milli manna verði yfir tveimur metrum og að aðgengi að handþvotti og handspritti sé gott ...”

(www.almannavarnir.is – Vefsafn 13.03.2020 kl. 12:09).

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

ÁRSSKÝRSLA 2020.

ISSN 2298-8785.

Ritstjórn: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Umbrot: Íslenska auglýsingastofan og Ólafur J. Engilbertsson.

Forsíðumynd: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Myndir: Ólafur J. Engilbertsson og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.



Efnisyfirlit

Frá landsbókaverði	1
Stjórnsýsla	3
Innra starf	4
Samskipti við Háskóla Íslands	9
Innlent samstarf	10
Erlent samstarf	14
Samningar	16
Skipurit	17
Rekstur og upplýsingatækni	18
Aðföng og skráning	24
Varðveisla og stafræn endurgerð	29
Þjónusta og miðlun	35
Árstölur	41

Frá landsbókaverði

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða. Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Meginhluta ársins litaðist öll starfsemi af Covid-19 faraldrinum. Rekstur safnsins var yfir áætlun og staðan var neikvæð um 23,3 m.kr. í árslok. Afkoman er samt betri en reiknað var með og er helsta skýringin sú að sértekjur voru nokkrar hærri en ráð var fyrir gert. Aðhalds var áfram gætt í starfsmannahaldi en ársverkum fækkaði um eitt. Ferðir, ráðstefnur, sýningarhald og dagskrár lögðust nánast af eða var frestað. Helstu framkvæmdir ársins voru hillur í geymslu á 1.h., teppahreinsun, skipti á Inergen kútum í handrita-geymslum og að glerskápar á 3.h. voru fluttir á 4.h. Þá hófust breytingar á geymslunni í Mjódd, auk þess sem talsvert var grísað af erlendu pappírsefni í kjallara, en það er nú komið í rafrænan aðgangi. Vinna við jafnlaunavottun hélt áfram, og einngi vinna við Græn skref í ríkisrekstri, en safnið vinnur nú að skrefi 2.

Mótun nýrrar stefnu fyrir safnið, sem hófst á síðasta ári, tafaðist verulega vegna Covid-19. Drög að stefnu um um opin aðgang fyrir Ísland var sett í samráðsgátt stjórnvalda á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. *Menningararfurinn*, stefna menningarstofnana um varðveislu og aðgengi var gefin út.

Á síðasta ári vann Landskerfi bókasafna, að undan- gengnu útboði, að innleiðingu bókasafnskerfisins Sierra og Inspire leitargáttarinnar frá fyrirtækinu Innovative. Fyrirtækið var yfirtækið af ExLibris sem hætti þróun leitargáttarinnar og samningar tókust í lok árs um að Landskerfi taki í notkun bókasafnskerfið Alma og leitargáttina PrimoVE frá ExLibris. Kerfiskiptin tefjast því um ár. Innleiðing CRIS kerfisins eða upplýsingakerfis fyrir rannsóknir á Íslandi stóð yfir allt árið, en tafaðist einnig, aðallega vegna Covid-19. Vefurinn *leikminjasafn.is* var endurnýjaður og enn fremur undirliggjandi gagnagrunnur, auk þess sem starfsmaður var ráðinn til leikminjasafnsins.

Safnið gerðist aðili að Evrópuverkefninu OpenAIRE AMKE. OpenAIRE hefur verið starfrækt um nokkurra ára skeið sem tengslanet og var bókasafn Landspítala aðili að því. Helstu viðfangsefni safnsins verða upplýsingagjöf um opin vísindi, að styrkja innviði og koma á fót upplýsingaborði á landsvísi um opin aðgang.

Covid-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi safnsins á árinu. Þjóðarbrókhláðan var lokað gestum

16. mars - 4. maí, eða í 7 vikur samfleytt og svo aftur 5. október - 11. desember, eða tæpar 10 vikur. Þegar húsið var opið var afgreiðslutími skertur á kvöldin og um helgar. Framkvæmdaráð fjallaði um stöðuna á hverjum tíma, en þess utan var komið á sérstöku teymi starfsfólks af öllum sviðum til að bregðast við breytingum og annast upplýsingagjöf til gesta. Mötuneyti og kaffistofu á 2. hæð var lokað. Hluti starfsfólks vann heima og skipulagði sig í samráði við yfirmenn og fjarfundir urðu allsráðandi í samskiptum. Slíkt er komið til að vera. Upplýsingaþjónusta á netinu, í tölvupósti og síma var stórefld og hægt að panta pappírsefni og sækja og skila í innganginn við Birkimel. Notkun á rafrænu efni og þjónustu jókst umtalsvert. Dagleg starfsemi breyttist á hverjum tíma í samræmi við fyrirmæli sóttvarnaryfirvalda, s.s. varðandi gestafjölda grímuskyldu, handþvott og fjarlægðartakmarkanir. Lítið var um veikindi vegna Covid-19 meðal starfsfólks. Uggi Jónsson birti ljóð um safnið eða Þjóðarbrókhlöðuna í *Tímariti máls og menningar*, 4. tbl. 2020. Ljóðið er tileinkað bókavörðum fyrr og síðar, með innilegri þökk fyrir auðsýnda alúð.

Stefna ríkisaðila 2020-22

Rekstraráætlun fyrir 2020 var unnin skv. lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF), og gerð árleg stefnumótun til næstu 3 ára, í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkefni safnsins, sem áhersla verður á næstu árin, falla undir málaflokk 18.1 *Safnamál* í fjárlögum, en einnig er tekið mið af málefna- og viðmiðum 7 *Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar* og 21 *Háskólastig*. Markmið og verkefni safnsins voru endurskoðuð á árinu, en flest eldri markmið hafa náðst og eru sum hafa orðið hluti af daglegum rekstri safnsins. Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarnastarfsemi á árunum 2020-2022 eru:

Kjarnastarfsemi:

1. *Skráning menningarverðmæta - efla rannsóknir og skráningu.*
2. *Geymsluhúsnæði safna - efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur.*
3. *Efla rannsóknir og skráningu.*

Rekstrarþættir:

1. *Innleiðing Grænna skrefa í ríkisrekstri,*
2. *Efling skjalastjórnar og gæðastýringar,*
3. *Efling mannauðs.*

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framgangi einstakra verkefna, en vakin er athygli á að stefnan nær til þriggja ára og er endurskoðuð árlega.

Kjarnastarfsemi

1. Skráning menningarverðmæta

Sífelld aukin áhersla er á skráningu margvíslegs efnis, sem Lbs-Hbs varðveitir, annars en prentefnis. Með slíkri vinnu fæst betri yfirsýn yfir safnkostinn og aðgengi verður auðveldara. Meðal nýrra markmiða er aukin skráning á vefinn *einkaskjol.is*, skráð handrit á *handrit.is* og skráð rit á *bækur.is*. Í lok árs voru um 1.700 einkaskjalasöfn skráð á vefinn *einkaskjol.is*. Leitað er að nýju kerfi til að nota við skráninguna, en kerfinu sem nú er notað hefur ekki verið haldið við. Á *handrit.is* voru skráningar fyrir meira en 12 þúsund handrit og þar af um 6.500 frá handritasafni Lbs-Hbs. Á *bækur.is* voru í árslok um 2.000 myndaðra titla. Í byrjun árs undirritaði mennta- og menningarmálaráðherra viljayfirlýsingu um varðveislu og skráningu á íslenskum tónlistarupptökum. Safnið tekur þátt í rekstri vefjarins *einkaskjalsafn.is*, sem er samstarfs- verkefni Þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafna og Lbs-Hbs. Þar eru nú 282 færslur frá safninu. Þá var á árinu unnið að endurnýjun vefs Leikminjasafns og gagnagrunns um leiksýningar og listamenn.

2. Geymsluhúsnæði safna

Safnkostur er í Þjóðarþóklöðu auk 12 annarra staða ef útibú og gagnageymslur eru talin. Settar voru nýjar hillur í geymslur varðveislusviðs á 1.h. Þá var, í kjölfar umfjöllunar RÚV um geymslumál menningarstofnana í október, var ráðist í talsverðar endurbætur í geymslu safnsins í Mjódd. Það var gert í samvinnu við eiganda húsnæðisins, sem lét m.a. mála, ganga betur frá raf-lögnum o.fl. Ennfremur var ráðist í grisjun á erlendum tímaritum í kjallara Bókhöðunnar til að rýma fyrir varðveisluefni, sem komið var tímabundið fyrir í Mjódd. Ljóst er að geymslur varaeintakasafnsins í Reykholti fyllast fljótlega og því er lögð áhersla á að fá nýjar geymslur á því landsvæði sem fyrst. Málið hefur verið rætt við mennta- og menningarmálaráðuneytið og sett í forgang. Ítarlegt minnisblað um stöðu mála var sent ráðuneytinu í nóvember. Meðal verkefna sem tengjast markmiðinu er eintakstenging dagblaða og tímarita í varaeintakasafni í Gegni. Með því fæst miklu heildstæðara yfirlit um safnkostinn, og varðveisla og grisjun verður mun markvissari en áður.

3. Efling rannsókna og skráningar

Safnið tekur þátt í ýmsum rannsóknarverkefnum á hverju ári og leggur til gögn og sérfræðipækkingu. Samræmd íslensk nafnmyndaskrá fyrir skjala-, minja- og bókasöfn, s.k. Lykilskrá, hefur lengi verið í umræðunni. Í tengslum við stofnun Miðstöðvar stafrænna hugvísinda og lista hjá Háskóla Íslands fékk hug-

myndin byr undir báða vængi og tók safnið þátt í umsókn í Innviðasjóð Rannís vegna sameinginglegrar nafnmyndaskrár, á Linked Open Data formi. Styrkur fékkst ekki, en aftur verður reynt.

Þá stýrir safnið innleiðingu s.k. CRIS kerfis (Current Research Information System), sem mun halda utan um íslenskar rannsókir og rannsóknaniðurstöður, og reksturinn verður einnig á forsjá safnsins. Það var keypt á síðasta ári í kjölfar útboðs á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Innleiðingin tafaðist talsvert vegna Covid-19.

Ennfremur má nefna að frá 2018 var unnið að mótun stefnu fyrir Ísland um verndun og varðveislu menningarminja á vegum Minjastofnunar, með þátttöku helstu menningarstofnana landsins. Því verkefni lauk með útgáfu stefnunnar, *Menningararfurinn: stefna um varðveislu og aðgengi*, í ágúst 2020.

Rekstrarþættir

1. Innleiðing Grænna skrefa í ríkisrekstri

Unnið var að skrefi 2 og var það komið vel á veg í lok árs. Af 40 aðgerðum í skrefinu var vinna við 25 lokið, en ljúka þarf 36 aðgerðum. Þau verkefni sem útaf standa hafa m.a. tafist vegna Covid-19. Verið er að skoða kosti þess að taka upp Grænt bókhald. Um 30 starfsmenn fá samgöngustyrk og skuldbinda sig til að nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta.

2. Efling skjalastjórnar og gæðastýringar

Ný mál í málaskrá voru 150, sem var talsvert undir þeim viðmiðum sem sett voru. Ekki tókst að vinna að þeim verkefnum sem stefnt var að sem skyldi, en þó voru komin drög að skjalalykli í árslok og undirbúningur fyrir kaup á gæðakerfi hófst.

3. Efling mannauðs

Safnið fékk jafnlaunavottun í apríl 2019 og fékk heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerkið og viðurkenningarskjal frá Vottun hf. Árið 2020 fór fram úttekt á kerfinu á vegum Vottunar. Nýir þættir voru teknir í notkun í mannauðshluta Orra. Þar á meðal eru leyfisóskir og fræðslukerfi. Úrbætur á vinnuumhverfi voru gerðar og stefnt er að því að innleiða M365 á næsta ári.

Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem unnið var að, auk þess sem birtar eru lykiltölur um starfsemina og helstu niðurstöðutölur rekstrarreiknings.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

Stjórnsýsla

Stjórn

Skipunartími stjórnar er frá 1. febrúar 2019 til 31. janúar 2023. Í stjórn sitja: Fanný Gunnarsdóttir formaður, skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, Guðmundur Hálfðánarson varaformaður og Elín Soffía Ólafsdóttir, tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, Magnús Már Halldórsson tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, Guðmundur Jónsson tilnefndur af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, tilnefnd af Upplýsingu, og Rósa Bjarnadóttir, tilnefnd af starfsfólki safnsins. Rósa lét af störfum hjá safninu í byrjun árs og sat einungis einn fund. Erlendur Már Antonsson, tók hennar sæti. Í varastjórn sitja Agnar Bragi Bragason, Ágústa Pálsdóttir, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Þórný Hlynisdóttir, Karl Andersen og Óskar Þór Þráinsson. Stjórnarfundir sátu einnig landsbókavörður og fjármálastjóri safnsins. Haldnir voru sex stjórnarfundir. Fundargerðir eru birtar á *Inngangi* og sendar mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega, en þar er miðlað upplýsingum, verkefni samhæft og fjallað um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sátu landsbókavörður og sviðsstjórnar, Edda G. Björgvinsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Ragna Steinarsdóttir og Örn Hrafnkelsson, auk Guðrúnar Halldóru Sveinsdóttur mannauðsstjóra. Ráðið fundaði 31 sinnum á árinu og eru fundargerðir birtar á Inngangi.

Lagaumhverfi

Engar beinar breytingar urðu á lagaumhverfi safnsins á árinu. Haustið 2019 lagði mennta- og menningarmálaráðherra fram skýrslu á Alþingi um gerð áætlunar um stafræna endurgerð íslensk prentmáls í samræmi við þingsályktun nr. 20/148. Skýrslan kom til umræðu á Alþingi í febrúar 2020, en ekki hafa verið settir fjámunir í verkefnið.

Stefnumótun

Varðandi stefnu ríkisaðila 2020-2022, sjá bls. 2. Stefnumótun innan safnsins hófst í lok árs 2019 og settur var saman sérstakur stefnumótunarhópur, en framkvæmdaráðið er rýnihópur. Auk þess mun stjórn safnsins hafa aðkomu að ferlinu. Hópurinn hóf störf í byrjun árs 2020, en Covid-19 faraldurinn tafði ferlið verulega. Í hópnum sátu Örn Hrafnkelsson sem stýrði vinnunni, Kristinn Sigurðsson og Guðrún Halldóra Sveinsdóttir frá Rekstrarsviði, Hallfríður Hrönn Kristjánsdóttir og Magný Rós Sigurðardóttir frá Aðfangasviði, Bragi Þ. Ólafsson og Krístrún Daníelsdóttir frá Varðveislusviði og Sigurbjörg Long og Sigríður Bjarnadóttir frá Þjónustusviði. Sóley Eiríksdóttir var starfsmaður verkefnisins.

Skipurit

Núverandi skipurit tók gildi 1. janúar 2018 (sjá bls. 17). Engar breytingar voru gerðar á skipuritinu.



Stjórnarfundur haldinn 19. maí 2020 í kaffiteríu til að virða fjarlægðarmörk.

Innra starf

Rekstraráætlun

Framlag til safnsins á fjárlögum 2020 og vegna rannsóknarleyfa og kjarasamninga var 1.070.900 (1.073.100) millj. kr. Það er lækkun frá fyrra ári, sem skýrist aðallega af kröfum um aukið aðhald og minni framlögum frá samstarfsaðilum. Við þetta bætist framlag Háskóla Íslands vegna ritakaupa, innheimta vegna Landsaðgangs, framlag vegna rannsóknagagnasafns, þannig að öll framlög og heildartekjur safnsins voru 1.407.567.701 (1.362.257.287) millj. kr. Vegna hagstæðs gengis voru útgjöld vegna erlendra aðfanga hófleg, en innlend aðföng og þjónusta hækkaði. Fasteignagjöld hækkuðu og útgjöld vegna innleiðingar Írisar voru hærri en gert var ráð fyrir.

Verkefnaáætlanir

Að venju voru unnar verkefnaáætlanir fyrir hvert svið. Verkefnin voru með ýmsu móti en ekki tengd sérstaklega við stefnu safnsins, þar sem hún er í endurskoðun. Vegna Covid-19 var ekki unnt að sinna fjölmörgum verkefnum, þau töfðust, hætt var við mörg þeirra eða þau sett í bið. Í einhverjum tilvikum var þó hægt að ljúka við áætluð verkefni.

Fræðsluáætlanir

Gerðar voru fræðsluáætlanir fyrir veturinn 2019-2020 og svo 2020-2021. Mikil röskun varð þó á námskeiðum og fræðslu allt árið 2020 vegna Covid-19 ástandsins og fræðsla lá meira og minna niðri. Í starfsþróunaráætlun er markmið um að allt starfsfólk njóti fræðslu og símenntunar í a.m.k. 8 klst. á ári. Vegna samkomutakmarkana var ekki var hægt að fylgja því eftir á árinu.

Samskipti og heilsa

Ragnhildur Vigfúsdóttir var með erindi um jákvæð samskipti 19. febrúar í fyrrlestrasal. Boðið var upp á erindi í fjarfundi 24. mars frá Kvíðamiðstöðinni, en Sóley Dröfn Davíðsdóttir og Sigurbjörg Jóna Ludvígsdóttir ræddu um kvíðastjórnun á álagstímum, og sama dag var í boði fyrirlestur Eddu Björgvinsdóttur um hómor hjá Endurmenntun HÍ. Fyrirlestur Ólafs Þórs Ævarssonar, geðlæknis, heilahvíld, var í boði á Zoom 13. maí og ræddi hann áhrif streitu á heilsu og hegðun og til hvaða ráða starfsfólk getur gripið til að verjast streitu og kulnun.

Stjórnsýsla og skjalastjórn

Hinar ýmsu stefnur safnsins voru kynntar á örfundum. Nýr málalykill var kynntur starfsfólki sem vinnur í

skjalakerfinu þann 10. nóv. en lykillinn var svo tekinn í notkun 1. janúar 2021. Áhersla var lögð á að fólk taki til í sínum gögnum, loki sem flestum málum og skili gögnum til skjalasafns.

Innleiðing M365

Talverðar breytingar áttu sér stað á árinu 2020 hvað varðar tölvumál og stafrænt umhverfi starfsfólks og áhersla var lögð á fræðslu og þjálfun á því sviði með fjarnámskeiðum. Þá var starfsfólk hvatt til að nýta sér fræðslu og fjarnámskeið almennt á netinu.

Í tengslum við væntanlega innleiðingu Microsoft 365 var stuttum myndböndum með fræðsluefni komið fyrir á Inngangi. Einnig voru nokkur stutt myndbönd um tölvuöryggismál sett inn. Þá var starfsfólk hvatt til að fara á ókeypis vefnámskeið undir yfirskriftinni *Starfæna hæfnihjól* hjá Starfsmennt.

Námsleyfi

Skv. kjarasamningum BHM frá 2011, hefur starfsfólk sem unnið hefur í fjögur ár hjá sömu stofnun rétt á leyfi til endurmenntunar eða framhaldsnáms, enda sé það í samræmi við endurmenntunar- eða starfsþróunaráætlun stofnunar eða starfsmanns. Safnið mótaði reglur um námsleyfi til að framfylgja þessu ákvæði. Enginn sótti um námsleyfi á árinu.

Rannsóknarleyfi

Félagsmenn í Félagi háskólakennara geta sótt um rannsóknarleyfi með nokkurra ára millibili. Rannver H. Hannesson forvörður fékk mánaðarleyfi til rannsókna á teikningum Sæmundar Magnússonar Hólm (1749-1821), sem varðveittar eru í dönskum söfnum. Hann tók leyfið á haustönn 2020 og dvaldi m.a. í Jónshúsi.

Helstu ráðstefnur, málþing og fundir

Er þetta ekki örugglega til? – Morgunkorn

Í Morgunkorni Upplýsingar 23. jan. í Borgarbókasafni í Grófinni sagði Rósa Björg Jónsdóttir, fagstjóri hljóð- og myndskráningar frá vantasafni Lbs-Hbs, en um það bil ár er síðan farið var af stað með það verkefni. Rósa Björg sagði frá hlutverki og tilurð safnsins og hvernig það hafi reynst, og hvernig hinn almenni notandi eða bókasöfn geta nýtt sér það við grisjun á efni og til að koma efni sem vantar til bókasafnanna.

Aðsóknarmet í fyrirlestrasal

Aðsóknarmet var slegið á málþingi Félags um 18. aldar fræði sem haldið var 8. febr. undir yfirskriftinni *Framkoma karlmanna gagnvart konum á 18. og 19. öld*. Alls skráðu sig í gestabók 170 manns en líklegt er að fleiri hafi verið á staðnum. Nánari umfjöllun er á Fésbókar-síðu félagsins en einnig var viðtal við tvo fyrirlesara í Mannlega þættinum á rás 1 á RÚV 5. febr.

Galdrar og galdrahandrit

Guðrún Laufey Guðmundsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir voru með fjölskyldusmiðju í Safnahúsinu 16. febr. um galdra og galdrahandrit. Guðrún Laufey var með stutta leiðsögn þar sem hún sagði frá tveimur galdrahandritum frá safninu sem eru á sýningunni *Sjónarhorn*. Í listasmiðju gafst börnum síðan tækifæri til að læra góð galdratákn og vinna með þau á pappír. Rúmlega 70 manns komu í smiðjuna.

Medúsa

Í tilefni af því að meðlimir Medúsu fjöllistahópsins afhentu safninu til varðveislu gögn sín þann 20. febr., var Benedikt Hjartarson prófessor í bókmenntafræði við HÍ með stutt erindi í Lóni um tengsl Medúsu við alþjóðlegan sýrrealisma. Hann kynnti einnig ritröðina *Cultural History of the Avantgarde* en grein Úlfhildar Dagsdóttur um Medúsu er í nýjasta heftinu.

Kynning á rafrænum bókum í áskrift

Hilma Gunnarsdóttir og Sigurður Örn Guðbjörnsson voru með með kynningu á nýjum rafrænbókasöfnum í áskrift fyrir Hugvísindasvið HÍ í Lóni 28. febr. Nokkrir slíkir samningarverði hafa verið gerðir að frumkvæði Hugvísindasviðs, sem nýtir fé úr aldarafmælisjóði Háskóla Íslands til þess. Kynnt var hvernig auðveldast er að komast í efnið, en það er enn sem komið er í gegnum Áttavitann, en efnið verður smám saman gert aðgengilegt í *leitir.is*.

Kvennasögusafn – Kvennalistinn

Þann 28. febr. voru Kvennalistakonur samankomnar í Lóni til að bera kennsl á fólk á um 1.100 ljósmyndum sem fylgja skjalagögnum Kvennalistans í Kvennasögusafni. Sæunn Ólafsdóttir stýrir verkefninu en það er hluti af meistaraverkefni hennar í safnafræði við HÍ. Þeim varð vel ágengt og notuðu nýjustu tækni við að hafa upp á nöfnum og starfsheitum.

Maístjarnan

Maístjarnan var veitt í fjórða sinn 27. maí fyrir ljóðabækur gefnar út 2019. Hana hlaut að þessu sinni Jónas Reynir Gunnarsson fyrir ljóðabókina *Þvottadagur*, sem Páskaeyjan gefur út. Lítil athöfn var haldin í Lóni, þar sem verðlaunahafinn flutti ávarp og einnig landsbókavörður, auk þess sem Karl Ágúst Úlfsson formaður Rithöfundasambandsins las úr bókinni. Í dómnefnd sátu Guðrún Steinþórsdóttir bókmenntafræðingur fyrir hönd Rithöfundasambandsins og Arnaldur Sigurðsson fyrir hönd safnsins.

Sjón er sögu ríkari - hádegisfyrirlestur

Sýningin *Sjón er sögu ríkari – aðferðir við gerð prentmyndmóta* var opnuð í safninu 11. maí en hún er

tileinkuð Ólafi Hvanndal prentmyndasmið [1879-1954] og er hluti af rannsóknarverkefni Guðmundar Odds Magnússonar (Godds) við Listaháskóla Íslands, en Lbs-Hbs er samstarfsaðili. Goddur var með hádegisfyrirlestur af þessu tilefni 24. júní í fyrirlestrasal. Sýningin stóð til 4. október 2020.

Aðalfundur Landskerfis bókasafna

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf var haldinn í Lóni 11. júní. Reksturinn gekk vel, efnahagur félagsins er sterkur, en þó hefur fallið til ýmis aukakostnaður vegna innleiðingar á nýju bókasafnskerfi. Það verkefni tók þó óvænta stefnu, þegar fyrirtækið ExLibris keypti Innovative, sem samið hafði verið við, um kaup á kerfinu Sierra. Unnið hefur verið að lausn á málinu og niðurstaðan verður sú að innleitt verður kerfið Alma og leitargáttin Primo VE.

Vinnustofa og námskeið í Pure verkefninu

Þann 27. ágúst var haldin vinnustofa eða námskeið vegna innleiðingar nýja rannsóknagagnasafnsins (CRIS-PURE). Til stóð að danskir kennarar kæmu 25.-27. ágúst, en vegna Covid-19 var námskeiðið fært á netið og skipt upp í fimm lotur. Tíu stofnanir, (háskólarnir, Landspítali, Árnastofnun og Keldur) fara inn í kerfið í fyrsta áfanga og voru sérfræðingar frá þessum stofnunum á námskeiðinu.

Bókasafnsdagurinn

Bókasafnsdagurinn var haldinn 8. sept. undir yfirskriftinni: *Lestur er bestur: Hryllilega spennandi*. Markmið Bókasafnsdagsins er sem áður, að vekja athygli á mikilvægi bókasafna í samfélaginu og vera dagur starfsfólks. Hildur Knútsdóttir rithöfundur hélt erindi sem var tekið upp í Borgarbókasafni í Grófinni og sent út á Fésbókinni. Hún fjallaði um reynslu sína af bókasöfnum sem barn, kosti og galla við það að flokka bókmenntir í hina ýmsu flokka, og ræddi einnig um eigin bækur. Fulltrúi safnsins í undirbúningshóp var María Logn Kristínardóttir.

Heimsókn frá Discovery Channel

Þáttagerðarfolk frá Discovery Channel kom í heimsókn á safnið í lok september og tók upp viðtal við Þorvald Þórðarson, prófessor í eldfjallafræðum við HÍ. Í viðtalinu var fjallað um eldrit Jóns Steingrímssonar (1728-1791) og sjálfsævisögu hans, en þar lýsir hann framgangi og afleiðingum Skaftárelda 1783-1784 og móðuharðindanna er fylgdu í kjölfarið. Bæði ritin eru varðveitt í eiginhandarriti Jóns í handritasafni (Lbs 1552 4to og Lbs 182 4to).

Kynjaþing 2020

Kynjaþing var haldið með rafrænum hætti dagana 9.-13. nóv. og tók Kvennasögusafn þátt í einum viðburði í

samvinnu við Sögufélag. Rakel Adolphsdóttir ræddi við Erlu Huldu Halldórsdóttur prófessor í sagnfræði og fyrrum forstöðukonu Kvennasögsafns, Kristínu Svövu Tómasdóttur skáld og sjálfstætt starfandi fræðimann, og Ragnheiði Kristjánsdóttur prófessor í sagnfræði, sem situr jafnframt í stjórn Kvennasögusafns. Þær þrjár, ásamt Þorgerði H. Þorvaldsdóttur, eru höfundar bókarinnar *Konur sem kjósa, aldarsaga*. Viðburðurinn fór fram í beinni útsendingu, en verður áfram aðgengilegur á [YouTube](#).

Morgunkorn Upplýsingar – kynning á Íris

Morgunkorn Upplýsingar var haldið 19. nóv. í fjarfundi. Fundinum stjórnaði Þórný Hlynisdóttir háskóla-bókavörður á Bifröst og formaður Upplýsingar. Landsbókavörður og Sigurgeir Finnsson sögðu frá innleiðingu og uppsetningu nýja rannsóknasafnsins, auk þess að kynna nýtt nafn, Íris. Fundurinn var fjarfundur og upptakan er aðgengileg á [YouTube rás Upplýsingar](#).

Fyrsti desember

Haldið var upp á 1. desember eða opnunarafmæli Þjóðarbókhöðunnar og sameinaðs safns með öðrum hætti en venjulega, þar sem samkomubann var í gildi. Að sjálfsögðu var flaggað, en ekki var dagskrá í fyrirlestarsal eða kaffiboð. Í staðinn varð úr að pantaðar voru gjafaöskjur fyrir starfsfólk frá fyrirtækinu Vellir í Svarfaðardal ([vellir.is](#)), sem þakklætisvott fyrir þrautseigju og vel unnin störf á árinu. Höfð var í huga herferðin „Láttu það ganga“ sem hefur verið vel auglýst í útvarpi, sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum. Almenn ánægja var með tiltækið, enda spennandi íslensk sveitaframleiðsla í öskjunum. Eldri starfsmenn fengu sérstaka jólakveðju frá safninu.

Útgáfa

Stefnt er að því að útgáfa safnsins sé sem mest stafræn, en nokkrir leiðbeiningabæklingar þjónustusviðs eru endurskoðaðir reglulega og fjölritaðir. Ársskýrslur frá 1994 og sýningarskrár frá 2007 eru á vef safnsins. Auk þessa eru *Árbók Landsbókasafns* 1945-1994 og *Ritmennt* 1996-2005 á [timarit.is](#).

Í tilefni af afmælisári 2018 var Íslenska auglýsingastofan fengin til að hanna nýtt merki fyrir safnið og hönnunarstaðal m.a. fyrir nýtt útlit á bréfsefni, fána, vefi, útgáfur og annað sem birt er á vegum safnsins.

Bæklingar Þjónustusviðs

Bæklingar þjónustusviðs voru endurskoðaðir og færðir í nýtt útlit á síðasta ári og var þeim fækkað. Þeir bæklingar sem eru ætlaðir almennum notendum verða áfram á pappír, en verið er að færa bæklinga um

einstakar fræðigreinar í Áttavitann, auk þess sem leiðarvísun hefur verið fjölgað.

Sýningarskrár

Veglegar sýningarskrár voru gefnar út vegna sýninganna *Sjón er sögu ríkari : um prentmyndasmíði á Íslandi* og *Paradísheimt 60/40*. Einblöðungar voru gefnir út í tengslum við aðrar sýningar. Um hönnun sá Ólafur J. Engilbertsson.

Vefir og samfélagsmiðlar

Vefir og vefþjónustur

Allflestir vefir safnsins hafa fengið nýtt útlit og verið uppfærðir. Nýr vefur Leikminjasafns fór í loftið vorið 2020 og honum fylgdi gagnagrunnur sem fluttur var frá eldri vef. Vefur Miðstöðvar munnlegrar sögu var uppfærður, en á nýja vefnum er einungis hluti þess efnis sem varðveitt er í Miðstöðinni aðgengilegt. Birtar eru ítarlegar skráningarupplýsingar með því efni sem er aðgengilegt, en stefnt er að því að birta allar skrár og efni sem er opið. Einnig voru endurnýjaðir vefir Kvennasögusafns og Jónasar Hallgrímssonar. Þá er stefnt að því að opna myndasafnið Fotoweb á næsta ári.

Vefmælingar

Fylgst var með notkun á 28 vefjum á vegum safnsins á árinu. Notkunin var mæld með Google Analytics. Samanlagður fjöldi heimsóknna jókst um 25,8%. Heimsóknir voru rúmlega 6.2 millj. og síðuflettingar jukust einnig verulega og voru rúmlega 19.9 millj. á árinu. Notkun breyttist nokkuð vegna Covid-19. Heimsóknum á síðurnar *Bókunarvefur*, *Þjóðarbókhlaðan* og *Þjónusta* fækkaði verulega, en *Enska forsiðan*, *Gagnasöfn* og *Covid-19* upplýsingasíðan voru mikið notaðar síður.

Að meðaltali voru vefir safnsins heimsóttir um 17.000 (13.500) sinnum á dag og um 54.500 (38.800) síður sóttar daglega af notendum árið 2020. Rúmlega fjórðungur heimsóknna eru í gengum snjalltæki, en misjafnt eftir vefjum. Eins og áður eru *timarit.is* og *skemman.is* langvinsælustu vefir safnsins. Þá kemur *ismus.is*, aðalvefurinn og *handrit.is*. *Hljódsafn.is* sækir verulega í sig veðrið, einnig *bækur.is* og *opinvisindi.is*. Sjá nánar um heimsóknir og flettingar í Árstölum 2.13.

Samfélagsmiðlar

Starfsfólk safnsins notar samfélagsmiðla til að koma á framfæri fréttum, viðburðum og lykilverkefnum, en einnig til að efla tengsl við notendur og samstarfsaðila. Búnir eru til viðburðir á Fésbók safnsins í tengslum við sýningar og opnanir. Átta síður eru á Fésbók, þrír reikningar á Twitter, tvær rásir á You Tube og Tónlistarsafnið er einnig með talsvert efni á Vimeo. Sjá nánar í töflu 2.15.

Vinnan

Samskiptamiðillinn Workplace eða *Vinnan* hefur verið notaður af starfsfólk safnsins síðan 2019. Vinnan er byggð upp á svipaðan hátt og Fésbókin og er notuð til að halda utan um samskipti starfsfólks, einstakra hópa og vegna viðburða og verkefna. Hópar reka einnig Fésbókarsíður s.s. *Starfsmenn. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn* (72) og *Hlöðver – starfsmannafélag Þjóðarbókhöfðu* (46). Kristinn Sigurðsson heldur úti bloggsíðu, þar sem fjallað er um ýmislegt tengt vefsöfnun. Slóðin er <http://kris-sigur.blogspot.com/>.

Í vikulokin

Landsbókavörður sendir reglulega út pistla undir heitinu *Í vikulokin*. Pistlarnir eru sendir til starfsfólks, stjórnar safnsins og starfsfólks bókasafns Menntavísindasviðs HÍ. Tilgangurinn er að draga saman það helsta sem gerst hefur undanfarna viku og veita upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að í safninu og samskipti við aðila utan safns. Alls voru sendir út 28 (36) vikulokapistlar á árinu og er þeim jafnframt safnað á *Inngang*.

Samgöngusamningar

Samgöngusamningar hafa verið gerðir síðan 2014, en þá var gerð samgöngustefna fyrir safnið. Safnið hvetur starfsfólk til að nýta sér umhverfisvæna samgöngumáta. Því til stuðnings er veittur samgöngustyrkur sem felur í sér niðurgreiðslu á árskortum í strætó eða 27.500 kr. styrkur til þeirra sem skuldbinda sig til að sleppa einkabílnum í amk 60% ferða til og frá vinnu. Um 30 starfsmenn nýttu sér samgöngusamninga. Betri hjólagrindur voru settar upp við starfsmannainngang.

Húsnæði og rými

Safninu var færð að gjöf lágmynd úr gífsi af Halldóri Laxness og var henni komið fyrir í lestrarsal á 1. hæð. Fleiri hillur voru settar upp í geymslu varðveislusviðs á 1. hæð. Rýmishópurinn hittist nokkrum sinnum og ræddi m.a. fyrirkomulag og breytingar sem þarf að gera á 3. og 4. hæð vegna breyttrar þjónustu.

Skipt var Inergen kúta í handritasafni í byrjun sumars. Ný ljósasería var sett í ösp við starfsmannainnganginn við Birkimel og einnig var sett bleik filma í ljóskastarana sem lýsa upp Bókhöfðuna í október, í tilefni bleika dagsins, baráttudags gegn brjóstakrabbameini. Þá var komið fyrir tveimur sjálfsölum frá Ötgerðinni í kaffistofunni á 2. hæð í byrjun sumars og var þeim vel tekið af starfsfólki og gestum.

Reglulega voru settar upp og teknar niður leiðbeiningar og aðgangsstýringar í safninu vegna Covid-19 og stólum var fækkað og fjölgað á víxl.

Mjódd

Kraftur var settur í umbætur í Mjóddinni í kjölfar umfjöllunar um geymslumál menningarstofnana í þættinum Kveikur á RÚV í nóvember. Tekinn var saman listi yfir viðhalds- og tiltektarverkefni sem þörf var á. Þau voru unnin í samvinnu við eigendur húsnæðisins og húsfélagið í Mjódd.

Öryggismál og tölvukerfi

Safnið notar netöryggissíuna Forcepoint til að koma í veg fyrir óæskilega umferð eða innbrot í kerfi safnsins, auk eftirlitskerfisins Spiceworks, sem fylgist með ástandi tölvukerfisins. Þá er notaður eldveggurinn Firewall Analyzer frá Cisco, til að fylgjast með umferðinni, Trend Micro vírusvörn o.fl. Þess er gætt að uppfæra þessi töl reglulega í nýjustu útgáfu. Sífellt stærri hluti af tölvurekstrinum er í sýndarumhverfi og fylgjast þarf vel með því til að gæta fyllsta öryggis. Öryggismyndavélum var fjölgað í 50 og eru gögnin úr þeim varðveitt í ákveðinn tíma í sérstakri aðgangsstýrðri gagnageymslu. Gerður var þjónustusamningur í október 2019 við fyrirtækið Endor um hýsingu gagna (EC Storage lausn) og leigu á hýsingarplássi í vélasal.

Notendatölvur

Upplýsingatæknisvið HÍ (UTS) hefur umsjón með notendatölvum og prenturum á 3. og 4. hæð. Aðeins notendur HÍ geta skráð sig á þær vélar. Ef upp koma vandamál með vélarnar og/eða prentun, sér UTS um þjónustu líkt og í öðrum tölvuverum háskólans. Við hlið tón- og myndsafns, er sérstök tölvuaðstaða fyrir nema úr öðrum skólum en HÍ, og aðra gesti. Í þeim vélum er aðgengi að helstu forritum til ritvinnslu, en án internettenginga. Netið er aðgengilegt í tölvum á 2. hæð. og einnig geta allir tengst Netinu í gegnum WiFi.

Öryggisnefnd

Rannver H. Hannesson og Sigríður Bjarnadóttir eru fulltrúar starfsfólks í öryggisnefnd sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Af hálfu safnsins sitja Edda G. Björgvinsdóttir og Jón Ingimar Jónsson í nefndinni.

Starfsmannafundir

Tveir almennir starfsmannafundir voru haldnir á árinu. Þann 14. maí var var farið yfir niðurstöðu launagreininger sem gerð var í safninu í febrúar, í samræmi við Jafnlaunastaðalinn. Fram kom að safnið er innan allra viðmiða og markmiða hvað varðar kynbundinn launamun. Þá var enn fremur fjallað um styttingu vinnutímans hjá ríkisstofnunum. Einnig var sagt frá viðræðum við Félagsstofnun stúdenta um rekstur mötuneytis og kaffistofu og um möguleika á aukinni

þjónustu með sjálfsölum. Liðurinn *Vinnan á tímum Covid – hvað má læra og nýta?* varð útundan og fólk hvatt til að kynna sér hvað aðrir eru að gera varðandi fjarfundi, fjarvinnu, tækni og tól. Fundurinn þann 10. júní var haldinn starfsmannafundur um breyttan vinnutíma í Lóni – fyrirlestrasal. Málið var til umræðu innan safnsins fyrri hluta árs, m.a. kynning, atkvæðagreiðsla um fjórar tillögur og umræður um hvað breytingin felur í sér. Tvær tillögur stóðu eftir og á fundinum var rætt um kosti þeirra og galla. Atkvæðagreiðsla lauk síðan 16. júní og niðurstaðan var 20 mín. hádegishlé og engir fastir kaffitímar.

Mötuneyti, kaffistofa og sjálfsalar

Í samræmi við kjarasamninga eru tveir starfsmenn tilnefndir til að fylgjast með rekstri mötuneytis, en það eru Guðrún Laufey Guðmundsdóttir frá Félagi háskólakennara og Arnar Óðinn Arnþórsson frá Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga.

Fyrirtækið Cesar veitingar ehf sagði upp samningi sínum um rekstur mötuneytis og kaffistofu í janúar en starfaði fram í apríl. Erla Kristín Sigurðardóttir sá um mötuneytið yfir sumartímann, en Félagsstofnun stúdenta tók við rekstrinum í september. Í byrjun júní var komið fyrir tveimur sjálfsölum frá Ölgerðinni í kaffistofunni, sem var lokað eftir að Cesar veitingar hættu.

Starfsmannafélagið Hlöðver

Í stjórn Hlövers sátu:

Arnar Óðinn Arnþórsson, Guðrún Sigurlaug Sigurðardóttir, Gunnar Marel Hinriksson, Oddfríður Steinunn Helgadóttir og Sóley Eiríksdóttir. Varamenn voru Bryndís Vilbergsdóttir og Sólveig Lind Ásgeirsdóttir. Enginn aðalfundur var haldinn vegna Covid-19, en stjórn starfaði áfram. Félagið stóð fyrir ýmsum uppákomum sem voru sniðnar að Covid-19, m.a. heimsókn hamborgarabílsins Tasty, uppistand og bollakökur í mötuneytinu, súkkulaði og gjafabréf á veitingahús og barsvar í gegnum fjarfundabúnað.



Tekið á móti gestum, og talið inn í safnið 4. maí 2020.

Samskipti við Háskóla Íslands

Samstarfssamningur og samstarfsnefnd

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og safnsins er frá 2015. Í samstarfsnefnd voru af hálfu HÍ, Halldór Jónsson sviðsstjóri Vísinda- og nýsköpunarsviðs, Róbert Haraldsson sviðsstjóri Kennslusviðs, og Jenný Bára Jensdóttir fjármálastjóri. Frá safninu voru Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Guðrún Tryggvadóttir sviðsstjóri Þjónustusviðs. Undirbúningur hófst vegna endurskoðunar samstarfssamnings. Nefndin hittist hittist ekki á árinu, en talsverð samskipti voru á milli aðila vegna innleiðingar Cris kerfisins.

Háskólaþing

25. háskólaþing var haldið með rafrænum hætti 5. júní. Aðeins eitt mál var á dagskrá, en það var kjör þriggja fulltrúa og varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð HÍ 2020-2022. 26. Háskólaþing var einnig haldið rafrænt þann 13. nóvember. Rektor reifaði mál sem voru efst á baugi, en síðan tók við hópastarf við mótun nýrrar heildarstefnu HÍ fyrir 2021-2026.

Ritver og verkefnavaka

Samstarf við ritver hélt áfram eins og unnt var, en ekki var hægt að halda verkefnavöku vegna Covid-19.

Turnitin ritfærniþróun

Safnið hefur haft umsjón með samningum og rekstri Turnitin ritfærniþróunar frá 2017. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur tryggt miðlæga greiðslu fyrir aðgang allra háskóla og framhaldsskóla á landinu. Samningurinn var endurnýjaður á árinu. Hilma Gunnarsdóttir er umsjónarmaður verkefnisins og sér um kynningar og tengsl við Turnitin, en Sigurbjörg Jóhannesdóttir hjá HÍ fer með kerfisumsjón og tækniaðstoð.

Allir háskólarnir hafa tekið kerfið í notkun auk tveggja símenntunarstöðva. 37 framhaldsskólar höfðu beðið um aðgang á árinu og 30 þeirra voru með aðgangsréttindi og í þeim skilningi virkir notendur. Þegar á heildina er litið jókst notkun á kerfinu verulega á landsvísi. Notkun á Turnitin milli sviða HÍ er afar misjöfn. Sjá töflu 2.12.

Skemman

Allir háskólarnir taka þátt í rekstri Skemmunar og í verkefnisstjórn sitja fulltrúar þeirra og Lbs-Hbs. Fulltrúar safnsins eru Guðrún Tryggvadóttir og Kristinn Sigurðsson. Áfram var unnið að skilum Skemmu til Þjóðskjalasafns, og „prufuskil“ send inn í október. Verkefnið var lærdómsferli, bæði fyrir starfsfólk Lbs-Hbs og ÞÍ. Skemman styður staðla OpenAIRE Evrópu-verkefnisins.

Opin vísindi

HÍ tók virkan þátt í undirbúningi fyrir kaup á s.k. Cris kerfi og á fulltrúa í stýrihópi um innleiðingu kerfisins, þá Halldór Jónsson og Baldvin Zarióh, auk þess að koma að útboði og samningagerð.

Aurora samstarfsnetið

Háskóli Íslands er aðili að Aurora samstarfsnetinu, sem níu evrópskir háskólar eiga aðild að. Þeir leggja áherslu á hágæða rannsóknir og samfélagslega ábyrgð. Samstarfsnetinu var komið á fót 2016 og Jón Atli Benediktsson rektor HÍ hefur setið í stjórn þess og er nú formaður. Heimsmarkmiðum Sp er fléttað inn í starfið og áhersla er lögð á virka þátttöku nemenda. Samstarfsnetið fékk stóran styrk frá Evrópusambandinu á árinu. Einn fjarfundur var haldinn í bókasafnahópi.

Innlent samstarf

Stjórnendur háskólabókasafna

Tveir fundir voru haldnir, en meðlimir hópsins hafa með sér margvíslegt samráð þess utan. Fyrri fundurinn var á Bifröst 15. febr. Sveinbjörg Sveinsdóttir og Sigrún Hauksdóttir kynntu þar Sierra bókasafnskerfið, innkaupaferlið, samninga og vinnu við kerfis-högun. Eftir kynninguna var fjallað um stefnumótun um opin vísindi á vegum mennta- og menningar-málaráðuneytis, útboð vegna CRIS kerfis, samstarf við rannsóknastjóra, Overleaf o.fl.

Síðari fundurinn var haldinn í Garðyrkjuskólanum í Hveragerði 22. okt. en skólinn er hluti af Landbúnaðarháskóla Íslands. Á fundinum var rætt um innleiðingu CRIS kerfisins, vinnufund um APC gjöld, gæði rannsóknaskýrslna, samstarf við rannsóknastjóra, efnisorð, nýtt bókasafnskerfi, rafbækur, Kanopy, NUAS o.fl.

Landskerfi bókasafna

Landskerfi bókasafna hf hefur starfað frá 2001 og er hlutafélag í eigu ríkis og sveitarfélaga. Hluthafar eru um 60. Félagið rekur bókasafnskerfið Gegni, menningargagnasafnið Sarp, Rafbókasafnið og leitarvélina Leitir. Landsbókavörður fer með hlut ríkisins í stjórn. Árni Sigurjónsson formaður stjórnar lét af störfum, en, Viktor Jens Vigfússon tók við. Aðrir í stjórn eru Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Karl Guðmundsson og Pálína Magnúsdóttir. Framkvæmdastjóri er Sveinbjörg Sveinsdóttir, en aðrir starfsmenn voru tíu, en þeim fjölgaði vegna innleiðingar nýs bókasafnskerfis.

Í árslok voru rúmlega 1.27 millj. titla skráðar í Gegni, en fjöldi eintaka um 5.88 milljónir og hefur heldur fækkað frá síðasta ári, en mörg söfn notuðu tímann í Covid-19 til að grisja og taka til í safnkostinum. Útlán voru rúmlega 2.4 milljónir og fækkaði um 22,6% af völdum Covid-19, en skráðir lánþegar voru um 160 þús., sem er fækkun, væntanlega einnig vegna tiltekta og hreinsunar. Fjöldi færslna í Leitir voru um 2.87 milljónir í árslok. Þær koma frá Gegni, Sarpi, Skemmu, *timarit.is* og ljósmyndasöfnum.

Vinna við nýtt bókasafnskerfi

Vinna við innleiðingu bókasafnskerfisins Sierra 4.0. frá Innovative komst í uppnám í lok síðasta árs þegar fyrirtækið ExLibris keypti Innovative. Miklar samningaviðræður fóru í gang, og lauk með því að gerður var nýr samningur um kaup á Alma bókasafnskerfinu og PrimoVE leitarvélinni í nóvember 2020. Ennfremur voru allar innleiðingarátlanir endurskoðaðar. Sjá nánar í kafla um Aðföng og skráningu.

Stýrihópur vegna nýs bókasafnskerfis

Settur var á fót stýrihópur vegna innleiðingar nýja bókasafnskerfisins Sierra. Við kaup ExLibris á Innovative var hópnun breytt, en í honum sitja áfram Pálína Magnúsdóttir, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Sveinbjörg Sveinsdóttir fyrir hönd Landskerfis, en Georg Heiming er verkefnastjóri af hálfu Ex Libris, auk þess sem ýmsir sérfræðingar koma á fundina eftir því sem verkefninu vindur fram. Þessum hópi er ætlað að hittast reglulega.

Skráningarráð og efnisorðaráð

Fulltrúi í skráningarráði var Helga Kristín Gunnarsdóttir og Hallfríður Hrönn Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis sat fundi. Aðrir í ráðinu voru Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir formaður og Þóra Sigurbjörnsdóttir, auk Sigrúnar Hauksdóttur frá Landskerfi. Í efnisorðaráði sátu Ragna Steinarðóttir, formaður af hálfu safnsins, Guðný Ragnarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir. Lbs-Hbs sér um alla efnisorðavinnu í Gegni og heldur úti *Lykilskrá* þar sem eru um 13.000 efnisorð og 82.500 mannanöfn eða nafnmyndir, sem unnin hafa verið samkvæmt stöðlum.

HASK – Handbók skrásetjara Gegnis

Handbók skrásetjara Gegnis, sem starfsfólk Lbs-Hbs sér um, er uppfærð reglulega, og settar inn breytingar vegna innleiðingar RDA skráningarreglnanna. Í ritstjórn eru Berglind Hanna Jónsdóttir, Hallfríður Hrönn Kristjánsdóttir, Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir, Rósfríður Sigvaldadóttir og Svava Björnsdóttir.

Primo Central Index (PCI) og bX ábendingar

Meginhluti þess rafræna efnis sem Lbs-Hbs og fleiri aðilar kaupa aðgang að, er aðgengilegt í Gegni og Leitum í gegnum PCI. Þó standa enn nokkur gagnasöfn út af og m.a. var ekki aðgangur að efni EBSCO í gegnum PCI. Ábendingaþjónustan bX hjálpar notendum að finna skylt efni í PCI.

SFX krækjuckerfið

SFX er tengla- eða krækjuckerfi sem tengir saman bókfræðiupplýsingar og efni í rafrænum aðgangi, í gegnum Primo Central Index. Upplýsingar um áskriftir í Landsaðgangi eru í kerfinu, auk upplýsinga um séráskriftir háskólanna. Nýr starfsmaður, Telma Sigfúsdóttir var ráðin til Lbs-Hbs til að sinna þessum þætti starfseminnar og nýta kerfin betur.

Tölfræði í Gegni og Leitum

Boðið er upp á mánaðarlega tölfræði, árslokátölfræði og topplánalista úr Gegni. Allar lánþegaskýrslur eru kyngreindar. Hægt er að sjá hvaða bækur eru vinsælastar eftir safnategundum og landshlutum. Þá er einnig hægt að sækja tölfræði einstakra safna og er hún m.a. notuð í ársskýrslu Lbs-Hbs.

VIAF (Virtual International Authority File)

Landskerfi og Lbs-Hbs taka þátt í VIAF samstarfinu á vegum OCLC. Í VIAF eru margskonar nafnmyndaskrár sameinaðar. Tilgangurinn er að auka gagnsemi þeirra og auðvelda skráningarvinnu. Færslurnar fá alþjóðlegt auðkenni (kennitölu og permalink) og nýtast sem tengd opin gögn (Linked open data) við leit.

Rafbókasafnið

Rafbókasafnið opnaði 2017 sem samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna og Borgarbókasafns. Um 60 almenningabókasöfn hafa síðan gerst aðilar að verkefninu. Landskerfi sér um tæknilega þáttinn, en bókasöfnin velja og kaupa efnið. Í safninu eru bæði hljóðbækur og rafbækur og eru flestar á ensku. Erfiðlega hefur gengið að fá frumsamið og þýtt efni á íslensku til útláns í safninu. Útlán voru tæplega 29.000 á árinu.

Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn

Landskerfi sér um daglegan rekstur Sarps og er starfsmaður Sarps hluti af teymi Landskerfis. Núverandi útgáfa Sarps 3.0 er smíðuð í samvinnu við þekkingu h.f. Í Sarpi eru upplýsingar um listaverk, muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti, örnefnalýsingar o.fl. frá 58 söfnum og stofnunum. Í árslok voru skráð aðföng rúmlega 1.4 millj.

Aleflí

Aleflí er samstarfsvettvangur bókasafna sem eru aðilar að Gegni og njóta þjónustu Landskerfis, en þau eru rúmlega 300. Starfsemin byggist á skiptingu í safnategundir, sem velja í fulltrúaráð, sem síðan kys stjórn. Helga Kristín Gunnarsdóttir sat í ráðinu fyrir hönd safnsins og Anna María Sverrisdóttir til vara. Notendaráðstefna Aleflis var ekki haldin á árinu. Vefurinn *Aleflí.is* er hýstur hjá Lbs-Hbs.

Samlag um áskrift að Vef-Dewey

Lbs-Hbs heldur utan um samlagsáskrift á landsvísu að vefútgáfu Dewey flokkunarkerfisins og úthlutar aðgangsorðum. Fimmtán söfn eru í samlaginu. Áskrift að Vef-Dewey stuðlar að samræmi í flokkun og stöðugu aðgengi að nýjustu uppfærslum kerfisins. Verkefnið er gæðamál og hefur jákvæð áhrif á samræmingu og þróun starfshátta bókasafna hér á landi. Lbs-Hbs er einnig aðili að Evrópusamtökum Dewey-notenda eða

EDUG (European Dewey User Group). Rósfríður Sigvaldadóttir er tengiliður vegna Vef-Dewey

Upplýsing

Starfsfólk safnsins gegnir að jafnaði einhverjum trúnaðarstörfum fyrir Upplýsingu og árið 2020 var Berglind Hanna Jónsdóttir kjörin gjaldkeri Upplýsingar. Þórný Hlynisdóttir á háskólabóksafninu í Bifröst tók við sem formaður, en hún er fyrrum starfsmaður safnsins. Meðal málefna sem stjórnin vann að voru aðgangur notenda bókasafna að íslenskum raf- og hljóðbókum og opin aðgangur að rannsóknaniðurstöðum.

Bókasafnsdagurinn

Bókasafnsdagurinn var haldinn 8. sept. s.l. undir yfirskriftinni: *Lestur er bestur: Hryllilega spennandi*. Markmið Bókasafnsdagsins er sem áður, að vekja athygli á mikilvægi bókasafna í samfélaginu og vera dagur starfsmanna safnanna. Dagurinn var með nokkuð öðrum hætti en venjulega vegna Covid-19. Hildur Knútsdóttir rithöfundur hélt erindi sem var tekið upp í Borgarbókasafninu í Grófinni og sent út á Fésbókinni. Hún fjallaði um reynslu sína af bókasöfnum sem barn, kosti og galla við það að flokka bókmenntir í hina ýmsu flokka eða tegundir, auk þess að segja frá eigin bókum. Fulltrúi safnsins í undirbúningsnefnd var María Logn Kristínardóttir, en m.a. var haldið var upp á daginn með kaffi og köku í safninu.

Námsbraut í Upplýsingafræði

Nám í bókasafns- og upplýsingafræði er nú eingöngu á meistarastigi og námsbrautin nefnist Upplýsingafræði. Hallfríður Kristjánsdóttir og Magný Rós Sigurðardóttir kenndu námskeiðin *Bókfræðilega skráningu* og *Lýsigögn*, og *Skipulagning þekkingar*, auk þess sem nokkrir starfsmenn komu inn í einstaka tíma. Starfsfólk sem kom að kennslu í öðrum námskeiðum eru Ragna Steinarsdóttir, Birgir Björnsson, Erlendur Már Antonsson og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Heilbrigðisvísindabókasafn

Samstarf við Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala hefur aukist á undanförunum árum. Landsbókavörður hefur setið í stjórn safnsins frá árinu 2014 sem fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Samstarf safnanna er m.a. um Landsaðgang og nýtt rannsóknagagnasafn. Stjórn hittist ekki formlega vegna Covid-19.

Bókasafnaráð

Bókasafnaráðið var komið á fót með Bókasafnalögum nr. 150/2012. Skipað var í nýtt bókasafnaráð í júlí 2019 til fjögurra ára, en ráðið skal vinna að stefnumörkun, setja reglur um söfnun og vinnslu tölfræðiupplýsinga,

setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur, og veita um-sagnir um styrkumsóknir í bókasafnasjóð. Formaður ráðsins var skipuð Linda Hrönn Þórisdóttir, en aðrir fulltrúar eru Sigrún Blöndal, Pálína Magnúsdóttir, Viggó Gíslason, Siggerður Ólöf Sigurðardóttir og Marín Guðrún Hrafnadóttir. Ráðið fékk loks fjárveitingu á fjárlögum fyrir 2020 og vann að umgjörð fyrir úthlutanir úr bókasafnasjóði af, auk þess að ræða stefnumál og tölfræði um málaflokkinn.

Landsnefnd um Minni heimsins

Landsnefnd um minni heimsins hefur það hlutverk að kynna verkefnið um Minni heimsins á Íslandi og velja mikilvæg gögn á sérstaka landsskrá og senda umsóknir um skráningu á heimsskrá Minni heimsins hjá UNESCO. Ný nefnd var skipuð á árinu og í henni sitja Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, sem er formaður, en aðrir í nefndinni voru Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður, Gunnþórunn Halldórsdóttir frá Kvikmyndasafni og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður. Fulltrúi ráðuneytisins er Rúnar Leifsson.

Sjónarhorn í Safnahúsinu

Sýningin Sjónarhorn var opnuð í Safnahúsinu í apríl 2015. Sýningarstjóri var Markús Andrésson, en með honum störfuðu verkefnisstjórn og sýningarstjórn. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður er formaður verkefnisstjórnar, en aðrir í verkefnisstjórn eru, auk landsbókavarðar: Guðrún Nordal frá Árnastofnun, Harpa Þórisdóttir frá Listasafni Íslands, Hilmar J. Malmquist frá Náttúruminjasafni Íslands og Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður. Fulltrúi safnsins í sýningarstjórn er Ólafur J. Engilbertsson, auk þess sem Rannver H. Hannesson forvörður hafði umsjón með sýningargripum Lbs-Hbs. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir og Halldóra Kristinsdóttir í handritasafni voru með fjölskyldusmiðju í Safnahúsinu 16. febr. um galdra og galdrandrit sjá bls. 5. Rætt var um að Listasafn Íslands taki við húsinu á næsta ári og að sýningin standi þangað til.

Handbók um varðveislu safnkosts

Lbs- Hbs tekur þátt í þýðingu og staðfæringu *Handbókar um varðveislu safnkosts ásamt* Þjóðminjasafni og Þjóðskjalasafni. Bókin er gefin út rafrænt á vef Þjóðminjasafns. Smám saman er nýjum köflum bætt við, en handbókin er ætluð þeim sem starfa við varðveislu menningararfsins. Rannver H. Hannesson forvörður hefur tekið þátt í samstarfinu af hálfu Lbs-Hbs, en ritstjóri er Nathalie Jacqueminet frá Þjóðminjasafni. 2. útg. 1.b. var gefin út í febr. 2019.

Maístjarnan

Lbs-Hbs og Rithöfundasamband Íslands standa að ljóðaverðlauninum *Maístjarnan*, en í maí ár hvert eru veitt verðlaun fyrir útgefna íslenska ljóðabók undanfarins árs, sem hefur skilað sér til safnsins. Rithöfundasambandið leggur til verðlaunaféð, en báðir aðilar skipa fulltrúa í dómnefnd. Verðlaunin voru veitt í fyrsta skipti 2017 fyrir ljóðabækur útgefnar 2016. Í ár var það Jónas Reynir Gunnarsson sem hlaut verðlaunin fyrir bók sína *Þvottadagur* sem forlagið Páskaeyjan gaf út. Um hundrað ljóðabækur frá árinu 2019 skiluðu sér til safnsins.

Verndun og varðveisla menningarminja

Fundur var haldinn í stýrihóp um mótun stefnu um verndun og varðveislu menningarminja þann 7. jan. í Safnahúsinu við Hverfisgötu, en verkefnið er í umsjón Minjastofnunar Íslands. Í stýrihópnum sitja forstöðumenn menningar- og minjastofnana ríkisins, en vinnuna leiða sérfræðingar frá Capacent. Aðrir hópar koma einnig að verkefninu og hefur Örn Hrafnkelsson verið fulltrúi safnsins í þeirri vinnu. Drög að stefnunni voru kynnt og rædd í Lóni 21. ágúst. Þar komu forstöðumenn átta menningarstofnana, auk fulltrúa frá Safnaráði og menntamálaráðuneyti. Drögin voru síðan afhent ráðherra og gefin út í lok árs.

Alþjóðlegi sumarskólinn

Alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum var haldinn í Kaupmannahöfn 12.-13. ágúst. Að honum standa Institut for nordiske studier og sprogvidenskab, Árnastofnanirnar í Kaupmannahöfn og Reykjavík, Háskóli Íslands, auk Lbs-Hbs.

Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar

Styrkir voru veittir úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar árið 2019, en veitt er úr sjóðnum annað hvert ár. Jökull Sævarsson er fulltrúi safnsins í úthlutunarnefnd. Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar rannsóknum á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðla að útgáfu um þau efni.

Stefnumótun um opin vísindi

Á síðasta ári starfaði verkefnahópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins að mótun stefnu um opin aðgang að niðurstöðum rannsókna og um opin aðgang að rannsóknagögnum. Í hópnum sátu fulltrúar Háskóla Íslands, Lbs-Hbs, Rannís og Landspítala, auk ráðuneytisins. Af hálfu safnsins sátu Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Sigurgeir Finnsson í hópnum. Drög að stefnu um opin aðgang að vísindarannsóknum voru sett í samráðsgátt stjórnvalda í lok árs 2019.

Kaup á CRIS – kerfi

Í júlí 2019 var í kjölfar útboðs, undirritaður samningur við fyrirtækið Elsevier um kaup á upplýsingakerfi fyrir rannsóknir á Íslandi og var Lbs-Hbs falið að halda utan um samninginn á samningstíma sem er 5 ár. Jafnframt gegnir safnið miðlægu þjónustu- og samræmingarhlutverki gagnvart háskólum og rannsóknastofnunum

sem nota kerfið, auk þess að fara fyrir verkefnisstjórn og vinnuhópum. Kerfið verður innleitt í alla háskóla landsins, auk rannsóknastofnana. Það er hýst í skýjalausn, en umsýsla með daglegum rekstri kerfisins verður á þjónustusviði og mun Sigurgeir Finnsson hafa umsjón með innsetningu gagna og tengingu við Opin vísindi. Tímabundinn verkefnastjóri var ráðinn Ólafur Aðalsteinsson. Sjá nánar á bls . 40.



Biðröð eftir að komast inn í Bókhöðuna 4.maí 2020.

Erlent samstarf

Erlent samstarf færðist að mestu á netið og fór fram á fjarfundum og í tölvupósti.

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir hafa með sér óformlegt samráð, aðallega rafrænt seinni árin. Hópurinn hittist í Svarta demantinum í Kaupmannahöfn dagana 8.-9. janúar. Rætt var um stefnumótun en nokkur safnanna eru einmitt í slíkri vinnu. Þá var rætt um skylduskil og endurskoðun laga þar um, auk þess sem Svend Larsen gerði grein fyrir þeim miklu breytingum sem eiga sér nú stað innan Konunglega bókasafnsins, en verið er að sameina undir hatti þess fjölmörg rannsóknabókasöfn, útibú og verkefni. Þar vinna nú um 800 manns ef allt er talið.

CENL

Vegna Covid-19 var árlegur fundur CENL haldinn með fjarfundabúnaði þann 19. okt. Honum var stjórnað af skrifstofu CENL sem er í British Library í London. Venjulega tekur fundurinn tvo daga en var einn dag að þessu sinni. Á honum voru venjuleg aðalfundarstörf, auk þess sem þjóðbókasafn Skotlands var samþykkt inn í samtökin. Þá var þátttakendum skipt í hópa rafrænt og þar voru rædd helstu mál sem upp hafa komið varðandi starfsemi og þjónustu þjóðbókasafna á tímum Covid-19.

IFLA

Vegna Covid-19 var ekki haldið IFLA-þing árið 2020, en til stóð að halda það í Dublin á Írlandi. Ný stefna IFLA 2019-2024 var samþykkt á síðasta ári og árið var notað til að styrkja innviði sambandsins.

CDNL

Árlegur fundur landsbókavarda, CDNL – Conference of Directors of National Libraries sem, venja er að halda á IFLA þingum var einnig felldur niður. Þess í stað sendi CDNL út þrjár kannanir meðal félagsmanna um áhrif Covid-19 á starfsemi þjóðbókasafna og opnun safna eftir Covid-19.

IIPC

Lbs-Hbs er stofnfélagi í IIPC (International Internet Preservation Consortium), en markmið samtakanna er að safna, varðveita og veita aðgang að þekkingu og upplýsingum frá Internetinu og stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samskiptum. Til stóð að halda aðalfund í Montréal í Kanada en hann var færður á netið í júní.

Kristinn Sigurðsson sem er í stjórn IIPC, er einnig formaður Harvesting Working Group. Hópurinn vinnur að þróun á hugbúnaði fyrir vefsöfnun, í tengslum við Heritrix vefleitarvélina og WARC skrársniðið.

NNG

NNG (Nordic Networking Group on Bibliographic and Infrastructure Topics) er norrænt samstarf um kerfisleg verkefni á sviði bókfræði og bókasafnakerfa. Hópurinn hittist á netinu 22. apríl en fundinn sóttu Ragna Steinarsdóttir frá safninu og Sveinbjörg Sveinsdóttir og Sigrún Hauksdóttir frá Landskerfi bókasafna.

EDUG

EDUG (European Dewey User Group) er notendafélag Dewey kerfisins í Evrópu. Á vegum þess fer fram samræmingarvinna varðandi þýðingar og aðlaganir, auk þess sem hagsmuna evrópskra safna er gætt. Samstarfssamningur var endurnýjaður á árinu, en ársfundur og ráðstefna voru haldin á netinu 5. nóvember. Tengiliður er Rósfríður Sigvaldadóttir.

EURIG

Eurig (European RDA Interest Group) eru samtök hagsmunaaðila sem nota RDA skráningarreglurnar í Evrópu. Flestir þátttakendur eru stofnanir eða söfn sem hýsa þjóðbókaskráningu og aðrir sem nota RDA. Ársfundur var haldinn á netinu. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir og Hallfríður Kristjánsdóttir er í ritnefnd Eurig.

Bibframe

Bibframe er grunnur fyrir bókfræðilegar lýsingar, sem nýtir Linked Data tækni bæði á vef og í skráningarkefnum. Áhersla er á flutning gagna úr núverandi MARC-sniði í yfir í Bibframe. Verkefnið er að frumkvæði Library of Congress og fylgst var með þróun mála á árinu. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir

VIAF

Lbs-Hbs er þátttakandi í VIAF (Virtual International Authority File) sem er sameiginleg nafnmyndaskrá flestra þjóðbókasafna í Evrópu og N-Ameríku og er unnin er í samvinnu við OCLC, sem sér um að tengja nafnmyndir safnanna saman í klasa. Aðildarsöfnin geta síðan flutt nafnmyndir annarra í eigin nafnmyndaskrár. Árið 2019 voru bókfræði- og nafnmyndagögn Gegnis gerð aðgengileg í VIAF í samvinnu

við Landskerfi bókasafna og verið er að skoða þau. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir.

CLARIN

Safnið er þátttakandi í evrópska rannsóknainnnviðnum CLARIN, í gegnum CLARIN Ísland. Markmið CLARIN er að öll stafræn málföng o.fl. verði aðgengileg til nota í rannsóknum í hug- og félagsvísindum og máltækni. Vísindamenn á Íslandi eru byrjaðir að nota málföngin í rannsóknum sínum.

OpenAIRE

Safnið undirritaði samning um þátttöku í evrópska OpenAIRE verkefninu, en undanfarin ár hefur bókasafn Landspítala átt fulltrúa þar. OpenAIRE eru að breytast í félagasamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og tilgangurinn er að styðja við stafræn vísindi (e-science), koma á samstarfsneti í Evrópu og vinna að stefnumótun á þessu sviði. Helstu aðilar eru háskólar og bókasöfn sem eru upplýsingamiðstöðvar fyrir Open Access. Landsbókavörður og Guðrún Tryggvadóttir sóttu fjarfund samtakanna sem var haldinn 2.-3. nóv.



Ísdagurinn 14. ágúst 2020.


Samningar

15.11.2019	Samningur við Amazon Web Services um varðveislu á upprunagögnum myndastofu safnsins í skýjaþjóustu, s.k. Glacier lausn.
01.12.2019	Samningur við Virk um stafræna endurgerð <i>Ársrits um starfsendurhæfingu</i> 2010-2021.
02.12.2019	Samningur um afhendingu á hljóðritasafni Leikfélags Reykjavíkur úr lðnó.
30.12.2019	Samningur við Smekkleysu S.M. ehf. um varðveislu á hljóðritasafni Smekkleysu.
01.02.2020	Samningur um stafræna endurgerð <i>Hugur og hönd</i> og afhending á pdf skjölum frá 1966.
20.02.2020	Samningur við Medúsu um afhendingu á handritum, útgáfum, og handdregnum og prentuðum plakötum.
09.03.2020	Samningur við Kiwanisklúbbinn Búrfell um stafræna endurgerð <i>Umhverfisins</i> 1970-2003.
22.04.2020	Amendment and Codification of the Statutory Documents for the Non-Profit Civil Partnership OpenAIRE. (Þátttaka í OpenAIRE Evrópu verkefninu).
15.05.2020	Samningur við Grindavíkurbæ um stafræna endurgerð <i>Bæjarbótar</i> 1982-1995.
03.06.2020	Samningur við Alda Music um afhendingu á hljóðritasafni til varðveislu.
04.06.2020	Samningur um afhendingu á hljóðritasafni Þjóðleikhússins.
09.06.2020	Samningur við Axel Einarsson um afhendingu á frumupptökum hljóðrita.
25.06.2020	Samningur við Íþróttasamband Íslands um stafræna endurgerð <i>Íþróttablaðsins</i> 1935-1997.
13.07.2020	Samningur við Sameyki um stafræna endurgerð <i>Félagstíðinda Starfsmannafélags ríkisstofnana</i> 1943-1995.
15.08.2020	Samningur við Samtökin '78 um stafræna endurgerð <i>Úr felum, Sjónmál, Sjónarhorn, Samtakafréttir og 30 ára afmælisrits Samtakanna '78</i> .
04.09.2020	Verkátun Advania – Flutningur á tölvupósti, innleiðingu á Teams/Onedrive skráarþjónustur og hópvinnumalausn, Intune og fjölpáttauðkenning (MFA Multi-Factor Authentication).
09.09.2020	Samningur við Hörð Torfason um varðveislu hljóðritasafns.
11.11.2020	International Internet Preservation Consortium (IIPC) - Consortium Agreement 2021-2025.
13.11.2020	Samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands um stafræna endurgerð <i>Fjölrit RALA, Íslenskar landbúnaðarrannsóknir og Rit búvísindadeildar</i> .
18.12.2020	Samningur við Turnitin ritfærnikerfið fyrir háskóla og framhaldsskóla 2021-2023.

Landsaðgangur:

01.04.2020	Sage - Consortium Licence Agreement 2020-2022.
18.12.2020	Viðauki við samning við <i>Karger</i> frá 2001 - Publish and Read Open Access 2021-2023.

Þá framlengdist samningur við *Morgunblaðið* um eitt ár.



Skipurit í október 2020.



Beðið eftir venjulegri flensuprautu.

Rekstur og upplýsingatækni

Sviðið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfsmannamálum, skjalastjórn, kerfisumsjón, upplýsingatækni, vefumsjón, rekstri húss og lóðar, geymslusafns í Mjódd og varateintakasafns í Reykholti, sýningar- og kynningarmálum, auk samninga um rekstur mötuneytis og veitingastofu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í árslok störfuðu 13 á sviðinu, í 12,8 ársverkum, níu karlar og fjórar konur. Sviðsstjóri er Edda Guðrún Björgvinsdóttir.

Hússtjórn

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur Þjóðarbókhöðunnar, hafa umsjón með kerfum og búnaði hússins, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun, símvörslu og ýmsa þjónustu við starfsfólk. Einnig umsjón með húsakosti og búnaði í Mjódd og Reykholti.

Framkvæmdir

Haldið var áfram að skipta um gler í forhýsi og lokið var við að setja öryggisgler í neðri glugga. Brunastöð var endurnýjuð og allar reyklosunarlúgur yfirfarnar. Iner-gen kerfið í handritasafni var endurnýjað og yfirfarið. Málað var í stigahúsi í kjarna 3 og einnig

gangur viðhússtjórn á 1. hæð. Nýjar cat-5e netlagnir voru lagðar í loftum allra hæða. Uppsetningu á nýjum sendum var lokið á öllum hæðum, en þeir skila betra internetsambandi. Lokið var við að bólstra og þrifa stóla þar sem við átti. Þá voru í lok árs undirbúnar heilmiklar breytingar og viðhald á fjargeymslunni í Mjódd.

Ýmislegt

Að venju var farið yfir öryggiskerfi hússins á fyrsta vinnudegi á nýju ári. Ýmsar tilfæringar voru gerðar í Tónlistarsafni og útbúin aðstaða fyrir nýjan starfsmann Leikminjasafns. Vegna Covid-10 var aðgangur safngesta ýmist takmarkaður eða enginn í takt við fyrir-mæli sóttvarnaryfirvalda.

Þrif

Þrifin voru með sama hætti og undanfarin ár. Ítarleg teppaþrif voru fyrripart sumars. Vegna Covid-19 faraldursins var spritt stöndum dreift víða um húsið og á öllum salernum. Þá voru skipulagðar sérstakar sótt-hreinsanir á öllum algengustu snertiflötum þegar afgreiðslutími var rýmkaður og Þjóðarþókhlaðan opnuð almenningi.

Lóð

Garðlist sá um slátt og klippingu trjáa og runna eins og undanfarin ár. Haldið var áfram vinnu við skrudgarðinn austan við húsið. Átak var gert í að sanda/salta gangstíga og snjómokstri.

Geymslur í Mjódd

Töluverðar tilfæringar voru á ýmsu geymsluefni í Mjódd vegna vatnsleka úr niðurfallsrörum efri hæðar, en hann var lagaður. Tekin var saman skýrsla um ýmsa vankanta á húsnæðinu og send eigandanum og unnið með honum að lagfæringum. Fjallað var um geymslu-húsnæði menningarstofnana í þættinum Kveik á RÚV, og ljóst er að geymslan í Mjódd stenst engar kröfur fyrir varðveisluefni.

Varaeintakasafn í Reykholti

Uppfærsla á öryggis- og brunakerfi í húsnæði varaeintakasafns í Reykholti var í vinnslu í árslok.

Fjármál og skjalastjórn




Ársreikningur safnsins fyrir árið 2020 liggur fyrir og eru helstu tölur úr honum birtar í árstölum safnsins og þar kemur einnig fram skipting rekstrargjalda (sjá töflur 6.2 og 6.3). Niðurstaða ársins er tap upp á 23,3 millj. kr. Afkoman er samt betri en reiknað var með og er helsta skýringin á því að sértekjur eru nokkru hærri en ráð var fyrir gert og hagstætt gengi.

Skjalastjórn og gæðamál

Alls hafa 36 starfsmenn aðgang að GoPro.net skjala-stjórnarkerfinu. Það er hýst hjá kerfisveitu Hugvits, og er í útgáfu Gopro Foris 19.1. Áfram var unnið að breytingum á útliti skjala, skýrslna og ýmis konar prentefnis til samræmis við hönnunarstaðal. Stofnuð voru 164 mál í GoPro árið 2019. Þá var einnig unnið að frágangi eldri skjala í geymslu og skráningu í File Maker gagnagrunn. Gögnum hefur ekki verið skilað til Þjóðskjalasafns, en unnið er að rafrænum skilum á gagnasafninu *skemman.is*. Skjalalykill var endurskoðaður og sendur Þjóðskjalasafni til samþykktar í október. Hann gildir frá 1. jan. 2021 – 31. des. 2025. Átak í gæðamálum hófst, m.a. til að fá betra yfirlit yfir gæðaskjöl, samræma þau og uppfæra og undirbúningur að kaupum á gæðakerfi hófst.

Mannauður

Hlutverk mannauðsstjóra er að halda utan um öll málefni sem tengjast starfsfólki. Í árslok störfuðu 77 starfsmenn hjá safninu í 69,58 ársverkum. Meðalaldur starfsmanna lækkar á milli ára og er 49,1 ár en var 49,8 árið 2019. Heimsfaraldur Covid-19 hafði mikil áhrif á vinnumynstur og vinnutíma starfsfólks á árinu 2020. Hluti starfsfólks var í fjarvinnu tímabundið skv. til-mælum yfirvalda og eitthvað var um vinnu í sóttkví. Á árinu voru skráðar samtals 16.175 klukkustundir í fjarvinnu /sóttkví sem er um 11% af heildarvinnutíma.



Starfsmannavelta

Ellefu starfsmenn hættu störfum á árinu. Þar af fimm vegna tímabundinna ráðninga og tveir sökum aldurs. Starfsmannavelta var alls 14% en eiginleg starfsmannavelta þegar frá eru talin starfslok vegna aldurs og tímabundinna ráðninga árið 2020 var 5,1%. Fimm starfsmenn hófu störf á safninu á árinu og þar af tveir í tímabundin störf. Fjögur störf voru auglýst laus til umsóknar. Þessu til viðbótar fengu níu námsmenn sumarvinnu á safninu í gegnum átaksverkefni Vinnu-málastofnunar og þrír námsmenn unnu tímabundið að styrktum rannsóknarverkefnum.

Auglýst störf	Umsóknir	Karlar	Konur
Hússtjóri – Rekstrarsvið	28	26	2
Sérfr. í leikminjasafn - Varðveislusvið	27	12	15
Starf á myndastofu - Varðveislusvið	65	26	39
Skjalastjóri – Rekstrarsvið	17	6	11

Veikindafjarvistir

Veikindastundum fækkaði á milli ára. 64 starfsmenn voru með einn eða fleiri skráðan veikindadag eða 83%. Rúmur helmingur þeirra sem voru frá vegna veikinda einn eða fleiri daga árið 2020 voru veikir í 10 daga eða minna, en meðalfjöldi veikindadaga var 14,4. Langtímaveikindi vega þungt í veikindatölum ársins 2020.

Veikindafjarvistir	2018	2019	2020
Veikindastundir alls	7,235	9,308	8.037
Hlutfall af vinnudögum	4,82%	6,29%	5.55%
Dagar pr. starfsmann	12,5	16,3	14,4
Fjöldi starfsmanna veikur >20 daga	12	14	12

Fræðsla og starfsþróun

Haustið 2020 var samþykkt fræðsluáætlun fyrir veturinn 2020-2021. Mikil röskun varð á námskeiðum og fræðslu vegna Covid-19. Talsverðar breytingar urðu á tölvumálum og stafrænu umhverfi starfsfólks og lögð var áhersla á þjálfun og fræðslu á því sviði með fjarnámskeiðum, auk þess sem starfsfólk var almennt hvatt til þess að nýta sér fræðslu með þeim hætti. Í starfsþróunaráætlun er stefnt að því að allir njóti fræðslu og símenntunar í a.m.k. 8 klst á ári. Vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að fylgja því eftir.

Starfsþróun	2018	2019	2020
Örnámskeið og kynningar	7	10	0
Fræðsla og fyrirlestrar	6	1	1
Námskeið (fjarnámskeið)	0	3	10
Fræðsluerindi innanhúss	13	14	11
Meðalfjöldi á námskeiði / kynningu	18	15	*
Meðalfjöldi þátttakenda / starfsmfj.	23%	19%	*

*Ekki eru til tölur um fjölda þeirra sem sóttu fjarnámskeið 2020

Safnið greiddi fyrir þátttöku 16 starfsmanna á samtals 10 málþing, námskeið eða ráðstefnur. Auk þess sótti starfsfólk fjölda ókeypis fræðsluerinda, ráðstefna og funda á vinnutíma á árinu. Einn starfsmaður fékk rannsóknarleyfi/námsleyfi árið 2020.

Betri vinnutími

Á árinu var unnið að breytingum á skipulagi vinnutíma í safninu, bæði hjá dagvinnufólki og vaktavinnufólki, í takt við fyrirmæli stjórnvalda. Breytingarnar voru kynntar og ræddar á starfsmannafundum og í smærri hópum. Lagðar voru fram tillögur í báðum hópum og kynntar vel. Dagvinnufólk samþykkti breytingar um mitt árið en viðræður við vaktavinnufólk voru langt komnar um áramót.

Sýningar og kynningarmál

Hlutverk einingarinnar er að sjá um sýningar, kynningar og útgáfumál safnsins, en margir starfsmenn leggja sýningum lið. Einingin hefur einnig umsjón með kjörgrip mánaðarins á aðalvef safnsins.

Viðurkenning Hagþenkis 2019

Viðurkenning Hagþenkis var veitt 4. mars í Þjóðar-bókhöðunni og hana hlaut Björk Ingimundardóttir fyrir ritið *Prestaköll*, sem Þjóðskjalasafn Íslands gaf út. Ávörp fluttu Lára Magnúsardóttir fyrir hönd dómnefndar, Björk Ingimundardóttir og Friðbjörg Ingimarsdóttir framkvæmdastýra Hagþenkis. Tónlist flutti Ragnheiður Ólafsdóttir. Örsýning var sett upp í samstarfi við Hagþenki og Þjóðskjalasafn og stóð út september.

Medúsa

Súrrealistahópurinn Medúsa starfaði í tæp sjö ár (1979-1986) og á þeim tíma komu út 30 útgáfur frá hópnum, mest ljóðabækur, en einnig hljóðsnældur, smásögur, tímarit, póstkort, veggspjöld og bæklingar. Flestar útgáfur Medúsu eru nú komnar í bókverkasafn og hljóðsafn. Ljóðakver, veggspjöld og póstkort eru hluti af því efni sem aðstandendur Medúsu afhentu Landsbókasafninu þann 20. febrúar og hélt Benedikt Hjartarson prófessor erindi við það tilefni. Sýningin stóð til 5. maí.

Þjóðleikhúsið 70 ára

Í tilefni af 70 ára afmæli Þjóðleikhússins var sett upp örsýning á teikningum eftir Thorbjörn Egner. Sýningin stóð frá 7. maí til 4. október.

Sjón er sögu ríkari - um prentmyndasmíði Opnuð var sýning um Ólaf Hvanndal, frumkvöðul í prentmyndasmíði þann 11. maí. Verkefnið var í samstarfi við Listaháskóla Íslands og Hönnunarsafn

Íslands og var stutt af rannsóknarsjóði Rannís. Guðmundur Oddur Magnússons (Goddur) og Unnar Örn sáu um sýninguna og flutti Goddur hádegiserindi um prentmyndasmíði 24. júní. Sýningin stóð út árið.

Maístjarnan – Reynir Gunnarsson

Rithöfundasamband Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn veittu verðlaunin *Maístjörnuna* fyrir bestu ljóðabók undangengis árs. Tilnefningar til Maístjörnunnar vegna ljóðabókar útgefnar 2019 voru kynntar við litla athöfn í Gunnarshúsi 8. maí. Verðlaunin voru svo afhent í fjórða sinn við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhöðunni 26. maí. Maístjörnuna fyrir ljóðabók ársins 2019 hlaut Jónas Reynir Gunnarsson fyrir *Þvottadagur* og flutti hann ávarp. Ragnheiður Tryggvadóttir las úr verðlaunabókinni og Guðrún Steinþórsdóttir flutti ávarp fyrir hönd dómnefndar, en í henni sat Arnaldur Sigurðsson af hálfu safnsins. Sýning á tilnefndum ljóðabókum ásamt verðlaunabókinni og fyrri verkum höfundarins stóð í anddyri safnsins út nóvember.

Jaðarlönd

Bókverkasýningin Jaðarlönd var sett upp í samstarfi við bókverkahópinn Arkir og Listahátíð í Reykjavík. Á sýningunni voru bókverk sextán íslenskra og erlendra listamanna. Opnun án veitinga var haldin 21. ágúst og móttaka á vegum Listahátíðar var haldin 18. sept. Vigdís Jakobsdóttir listrænn stjórnandi Listahátíðar og landsbókavörður fluttu þar stutt ávörp. Arkirnar voru með leiðsögn og bókverkaspjall um helgar og fékk sýningin verðskuldaða athygli. Sýningin stóð til og með 21. september. Tekið var saman um klukkutíma myndband um sýninguna og er það aðgengilegt á [YouTube](#) rás safnsins.

Paradísarheimt 60/40

Sett var upp sýning í tilefni af því að 60 ár voru frá útkomu bókar Halldórs Laxness og 40 ár frá sýningu sjónvarpsmyndarinnar *Paradísarheimt*. Hún var opnuð 25. september, en ekki var boðið í opnunarteiti vegna Covid-19. Gögn frá Birni G. Björnssyni voru afhent leikminjasafni á síðasta ári og voru á sýningunni ásamt útgáfum og handritaefni tengdu bókinni sem varðveitt er í handritasafni. Sýningin var samstarfsverkefni Lbs-Hbs, Vinafélags Gljúfrasteins og Umba. Gefin var út vegleg sýningarskrá með texta frá Birni G. Björnssyni, Guðnýju Halldórsdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur og landsbókaverði. Sýningin stóð út árið.

Jón Vídalín – þriggja alda ártíð

Í tilefni af þriggja alda ártíð Jóns Vídalíns var sett upp sýning á 1.h. um Jón 25. september, þar sem voru sýndar nokkrar bækur hans og handrit.

Orðabók Sigfúsar Blöndal

Viðburði vegna 100 ára afmælis orðabókar Sigfúsar Blöndal var ítrekað frestað vegna Covid-19, en lítil sýning var opnuð 2. október og stóð hún út árið. Verkefnið var að frumkvæði og í samstarfi við Orðabókarsjóð og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Handrit kvenna dregin fram

Vanskráning á hlut kvenna í handritamenningu Íslendinga hefur staðið rannsóknum á handritum þeirra fyrir þrifum og gefið skakka mynd af handritaefni safnsins. Sumarið 2020 vann Arnheiður Steinþórsdóttir að verkefninu *Handrit kvenna dregin fram: greining og skráning á handritum kvenna 1600-1900*, en það hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Verkefnið fólst í að skrá konur og handrit sem þeim tengjast í rafræna gagnagrunninn *handrit.is*. Á sýningu sem opnuð var 21. október og stóð út árið mátti sjá úrval þeirra handrita sem skráð voru.

Kjörgripir 2020

Af kjörgripum mánaðarins á vef safnsins voru þrír tengdir konum og níu tengdir körlum:

Dánarósk – skjal, Hólmfríður Benediktsdóttir

Geltandi vatn – tímarit, Medúsa

Prentmyndamót – alþóm, Ólafur Hvanndal

Íslensk – dönsk orðabók – bók, Sigfús Blöndal

Þjóðleikhúsið 70 ára – teikningar, Thorbjörn Egner

Nýársgjöf handa börnum – bók, Jóhann Halldórsson

Skrá yfir prentaðar ísl. bækur... – skrá, Jón Árnason

Lbs 937 – handrit, Sölvi Helgason

Vídalínspostilla – bók, Jón Vídalín

Ísland skapar fordæmi – bæklingur Björg C. Þorláksson

Hústafla Lbs 663 8vo – handrit, Ingibjörg H. Bjarnason

Í dag er glatt í döprum hjörtum – söngur, Hreinn Pálsson.

Yfirlit

Níu sýningar voru á árinu, þar af fjórar stórar eða meðalstórar sýningar. Sex voru samstarfsverkefni við aðila utan safnsins. Þrjár sýningar fjölluðu um konur, fjórar um karla og tvær fjölluðu um hluti eða bæði kyn. Erindi í tengslum við sýningar fluttu 7 konur og 3 karlar og 1 kona flutti tónlist.

Gefnar voru út tvær veglegar sýningarskrár, *Sjón er sögu ríkari – um prentmyndasmíði á Íslandi* og *Paradísarheimt 60/40*, í samstarfi við Gljúfrastein og Umba. Einnig voru gerðir tveir minni bæklingar á íslensku og ensku, og fjölritaðir innanhúss og einn bæklingur var hannaður af utanaðkomandi aðila. Teknar voru upp kynningar á sýningum og viðburðum og sett á YouTube, og hefur það aukið gildi sýninga á vef safnsins.

Tölvurekstur

Tölvurekstur sér um að tölvur, netþjórnar og netbún-
aður séu í góðu lagi svo ekki verði truflun á starfsemi
safnsins. Tölvurekstur ber ábyrgð á tölvu- og net-
kerfum (LBS / Reykholt / Mjódd / Hýsing / Verne
Global) og að þau virki sem skyldi. Fylgst er með
nýjungum og breytingum á þessu sviði svo fyllsta
öryggis sé gætt.

Helstu verkefni eru rekstur og umsjón netþjóna,
gagnageymslna, netkerfa (póstkerfa, gagnagrunna og
sýndarumhverfis), aðgangsstýringar og notenda-
stjórnun, afritunarlausnir og gagnaöryggi, eftirlit með
vírus- og öryggisvörnum, ráðgjöf um innkaup á hvers-
kyns búnaði, uppfærslur á hugbúnaði og stýrikerfum,
rekstur IP símkerfa, auk uppsetningar og reksturs
öryggismyndavélakerfis.

Uppfærslur og lagfæringar

Talsvert var um uppfærslur á tölvuumhverfi safnsins á
árinu. Linux þjórnar voru uppfærðir í nýjustu útgáfur og
Windows þjórnar einnig. Einnig voru afritunarkerfið
Veeam, prentþjónustan og hússtjórnarkerfið uppfærð í
nýja útgáfur. Veföryggiskerfið var uppfært og einnig
skrárþjónustur miðlægar og veflægar, og sýndar-
þjónustur. 3Par gagnageymslur voru uppfærðar í sam-
starfi við Arrows DK. Þá var byrjað á því að uppfæra
miðlæg kerfi fyrir Kiosk vélar.

Viðbætur

Settir voru þráðlausir sendar á allar hæðir vegna Cisco
Meraki netbeina safnsins. Öryggismyndavélum var enn
fjölgað innandyrna, og eru nú 50, bæði inni og úti. Þá var
sett upp Eduroam auðkennisþjónusta við Rhnet.

Lykiltölur	2019	2020
Heildargagnamagn á diskastæðum	370TB	370TB
Gagnamagn í gagnaskýi Advania	220TB	220TB
Gagnamagn í Skýjaþjónustu AWS Glacier		90TB
Netþjórnar - Windows	27	32
Netþjórnar - Linux	24	29
Sýndarþjórnar	47	53
Tölvur starfsfólks	105	105
Fartölvur starfsfólks	14	14
Tölvur gesta og kiosk þjónustur	21	21
Prentarar og ljósritunarvélur	16	16
Netaðgangs- og öryggisbúnaður	8	8
IP-tölur skráðar í uppflettiskrá	419	430
Annar búnaður eingöngu á innra neti		
IP símtæki	88	85
Öryggismyndavélur	48	50
Netbeinar (switch)	18	18
Þráðlausir sendar (AP)	5	34

Innleiðingar

M365 – innleiðingarferli var sett af stað í samstarfi við
Advania. Allur póstur var fluttur í skýjalausn Microsoft.
M365 – fjölþátta auðkenning var innleidd í tilraunahóp
og einnig M365 – Teams/Onedrive skrárþjónustur og
hópvinnulausn. Útboð var undirbúið vegna kaupa á
fartölvum og sent á birgja innan Rammasamnings
RK03.01. Miðlæg stjórnun vírusvarna var flutt af
kerfum safnsins í skýjalausn Trend Micro. Þá var lokið
við að koma öllum upprunagögnum myndastofu
safnsins í skýjaþjónustu hjá Amazon Web Services í
svokallaða Glacier-lausn.

Þá var tekinn í notkun Teljari – sem er lausn frá *Cloud.
Camlytics.com*, og tengist öryggismyndavél í anddyri
sem telur gesti safnsins inn og út. Rauntímatölur
birtast á *Inngangi*. Þá komst innleiðingarferli vegna
Eduroam á tilraunastig. Safnið sér um rekstur þess að
hluta til, á meðan innleiðingarferlið er í gangi.

Daglegur rekstur útstöðva er fyrirferðarmikill hluti af
rekstri. Verkeiðnirnar urðu 474 (565) talsins og
fækkar þeim á milli ára, væntanlega vegna Covid-19.

Upplýsingatækni og vefstjórn

Upplýsingatæknihópur greinir, þróar og innleiðir
upplýsingatækniverkefni í safninu í samvinnu við aðrar
starfseiningar. Verkefnin eru ýmist þróuð innan
safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, m.a. önnur
þjóðbókasöfn. Unnið var að fjölmörgum verkefnum á
árinu, sum eru ný en önnur hafa verið í vinnslu nokkurn
tíma. Það er eðli verkefnanna að vinnu við þau lýkur
ekki fyrr en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst
viðhald og oft þarf að gera breytingar eða bæta við
nýjum verkþáttum.

Leikminjasafn

Nýr vefur Leikminjasafns Íslands var settur í loft á
árinu. Eldri vef, sem þróaður var fyrir sameiningu
leikminjasafnsins við Landsbókasafn, var skipt út fyrir
nýjan vef með nýju útliti og skráningarviðmóti. Má þar
m.a. nefna að innskráning í skráningarviðmót vefsins
er nú í gegnum *Ísland.is* með rafrænum skilríkjum.
Þetta er mikilvægt þar sem fjöldi fólks utan Lands-
bókasafns, m.a. hjá leikhúsum, annast skráningu í
grunninn.

ÍRIS (Pure)

Unnið var að innleiðingu rannsókanargagnasafnsins
Íris á árinu. Kerfið, sem er rekið af Elsevier, verður
notað af öllum háskólum og helstu rannsóknastofnunum
hér á landi þegar innleiðingu lýkur 2021. Aðkoma
Upplýsingatæknihóps á árinu fólst í að gera
gögn úr fræðigreinasafninu Opin vísindi aðgengileg
fyrir nýja kerfið og tryggja, að eftir innleiðingu, geti
vísindagreinir flætt aftur úr Írisi og í Opin vísindi,

þannig að ekki þurfi að skrá efni í tvígang. Einnig var veitt aðstoð við að flytja gögn úr fræðigreinasafninu Hirsla sem Landsspítali rekur, í Írísí.

jonashallgrimsson.is

Vefur safnsins um Jónas Hallgrímsson fékk nýtt útlit á árinu. Var vefurinn, sem var kominn til ára sinna, færður í samræmt útlit safnsins. Vefurinn er nú mun aðgengilegri í snjalltækjum. Uppfærður vefur var opnaður á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember.

Vefsöfnun

Framkvæmd vefsafnana gekk eðlilega á árinu, en þrjár heildarsafnanir á íslenska þjóðarléninu .is voru gerðar.

að meðaltali um 96 milljónir skjala í hverri söfnun. Er þetta svipað og 2019. Vikulegum söfnunum á Um 74 Um 74 þúsund lén tilheyra þjóðarléninu og söfnuðust sérvöldum vefjum var einnig haldið áfram á árinu. Um var að ræða vefi sem valdir voru af starfsmönnum skylduskila m.t.t. þess að um væri að ræða efni sem skipti máli í þjóðmálaumræðu og að vefirnir væru uppfærðir ört. Sett var upp sérstök söfnun tengd Covid-19 faraldrinum fljótlega eftir að hann braust út. Nokkrum lykilvefjum var safnað daglega og ýmsum öðrum vefjum sem fjalla um faraldurinn fóru í sérstaka vikulega söfnun. Þessi atburðasöfnun stóð enn yfir í lok árs. Þá var einnig haldið áfram sífelldum söfnunum á völdum vefjum í gegnum RSS fréttastreymi þeirra.



Viðbúnaður við afgreiðslu á 3. hæð vegna Covid-19.



Viðbúnaður fyrir opnun 11. desember 2020.

Aðföng og skráning

Sviðið ber ábyrgð á þaulsöfnun skilaskylds íslensks efnis og uppbyggingu ritakosts í þágu háskólanáms og rannsókna, þ.e. innkaupum og innheimtu efnis, aðfangaskráningu og utanumhald um ritakaupasjóði Háskóla Íslands og safnsins. Einnig sér sviðið um móttöku gjafa, flokkun, skráningu og efnisgreiningu þess efnis sem tekið er inn í Gegni, auk þess að ganga frá efni til útláns og notkunar. Ennfremur sér sviðið um bókfræðistjórn og gæðastjórnun í Gegni í samvinnu við Landskerfi bókasafna. Í árslok störfuðu 22 starfsmenn á sviðinu í 20,35 ársverkum, átján konur og fjórir karlar. Sviðsstjóri er Ragna Steinarsdóttir

Undirbúningur fyrir nýtt bókasafnskerfi hjá Landskerfi bókasafna hélt áfram. Staðan gjörbreyttist á síðasta ári þegar fyrirtækið ExLibris sem bauð Alma kerfið og PrimoVE leitarvélina, keypti Innovative-fyrirtækið í lok árs og ákveðið var að þróa ekki áfram nýtt leitarviðmót, sem var ein forsenda upphaflegra kaupa á kerfi frá Innovative. Fyrri vinna við tiltektir í aðfanga- og skráningargögnum og víðværar gagnabreytingar vegna RDA skráningarreglnanna nýttist þó þegar gögn verða flutt í nýtt kerfi. Þá þurfti að laga ýmislegt sem ekki var hægt að gera kerfislega forsögn fyrir. Undirbúningur fyrir

kerfisskiptin hófst á árinu Greining á ýmsum vandamálum sem tengjast leitarviðmótinu Primo sem liggur á bak við *leitir.is* var unnin og mun nýtast vel við uppsetningu á nýju leitarviðmóti Primo VE.

Covid-19 hafði gríðarlega áhrif á starfsemi sviðsins. Margir starfsmenn færðu sig alfarið yfir í heimavinnu. Skráning á rafrænu efni og greiniskráning voru upplögð heimaverkefni og gengu vel. Vinna við áþreifanlegan safnkost gekk sinn vanagang á staðnum, þrátt fyrir að faraldurinn hægði á um tíma.

Árlegir samstarfsfundir við erlenda aðila, námskeið og ráðstefnur færðust á netið. Sviðsstjóri sótti NNG fund

(Networking Group on bibliographic and infrastructure topics) sem er samstarfsvettvangur þjóðbókasafna Norðurlandanna um bókasafnskerfi, bókfræðigögn (lýsigögn), skráningarreglur, skráningarsnið og staðla. Markmið samstarfsins er að samnýta lýsigögn og skiptast á upplýsingum.

Starfsfólk Aðfangasviðs sér einnig um kennslu tveggja námskeiða í upplýsingafræði við HÍ, skipulagningu þekkingar (flokkun og efnisorðagjöf) og bókfræðilega skráningu og lýsigögn. Bæði námskeiðin voru kennd í fjarkennslu. Einnig sér starfsfólk sviðsins um að kenna nýjum skrásetjurum á skráningarþátt Gagnis á vegum Landskerfis bókasafna, en gæðastjóri Gagnis er þar í forsvari.

Aðföng og gjafir

Helstu verkefni aðfangahóps eru kaup á gögnum fyrir safnið og HÍ, s.s. pöntun, móttaka og aðfangaskráning. Auk þess sér faghópurinn um móttöku og aðfangaskráningu gjafa. Söfnun og greining á tölfræðigögnum er stór þáttur í starfsemi. Starfshópur um stjórnun og uppbyggingu safnkosts (kom í stað bókavalshóps) sér um val á bókum og öðru efni sem keypt er fyrir sjóði safnsins, t.d. bækur íslenskra höfunda sem þýddar hafa verið á erlend tungumál og annað efni sem fjallar um Ísland og ekki berst í skylduskilum (Islandica Extranea). Náin samvinna er við Landskerfi bókasafna um þróun og viðhald aðfangabátar Gagnis.

Innkaup á árinu voru um margt erfið vegna Covid-19. Margir erlendir birgjar lokuðu eða voru með lágmarkspjónustu fyrir pantanir og póstflutingar frá mörgum löndum gengu hægt. Það tók óvenju langan tíma að fá efni til landsins. Dæmi voru um að bækur hafi verið allt að fimm mánuði á leiðinni.

Rafrænt efni

Hugvísindasvið, Félagsvísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ héldu áfram að nýta fjármagn sem ætlað er til uppbyggingar rannsóknarinnviða til að auka aðgengi að rafbókum og tímaritum í samstarfi við Lbs-Hbs, sem sér um umsýslu þessa efnis. Alls veita þessir samningar aðgang að rúmlega 260 þúsund rafbókum, mest á sviði hug- og félagsvísinda. Hugvísindasvið endurnýjaði einnig aðgang að *Social Sciences & Humanities Library*, eða tæplega 1500 rafrænum tímaritum.

Sálfræðideild Heilbrigðisvísindasviðs endurnýjaði aðgang sinn að 50 myndböndum hjá Psychotherapy. net. Kostnaður vegna áskriftanna var rúmar 22,5 millj. kr.

Gagnakaup safnsins og Háskóla Íslands

Lbs-Hbs varði til gagnakaupa á árinu 2020 um 18.9 milljónum króna sem skiptast þannig:

Gagnakaup Lbs-Hbs m.kr.	2019	2020
Bækur	4.7	4.5
Tímarit	5.5	6.2
Tón- og myndefni	0.7	0.3
Landsaðgangur	4.2	4.3
Rafrænar séráskriftir	3.8	3.6
Alls	18.9	18.9

Fjárveiting frá fræðasviðum og/eða einstökum deildum Háskóla Íslands til safnsins vegna kaupa á bókum, tímaritum og gagnagrunnum á árinu 2020 var sem hér segir:

Fjárveiting sviða HÍ m.kr.	2019	2020
Félagsvísindasvið	14.0	11.2
Heilbrigðisvísindasvið	2.8	2.2
Hugvísindasvið	9.0	7.0
Menntavísindasvið	0.6	0.7
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	11.2	15.4
Alls	37.6	36.5

Landspítali - Háskólasjúkrahús kaupir efni fyrir heilbrigðisvísindasvið, og menntavísindasvið sér um innkaup fyrir sitt bókasafn, en bæði sviðin taka þátt í greiðslu rafrænna séráskrifta sem eru í áskrift hjá Lbs.-Hbs. Heildarinnkaup safnsins fyrir HÍ voru tæpar 40.7 millj. kr., sem eru um 4.2 millj. kr. hærri upphæð en áætluð fjárveiting fræðasviða og/eða deilda HÍ. Mismunurinn liggur helst í að nokkrar deildir áttu afgang frá fyrra ári, gengi krónunnar var óhagstætt, og nýjar tímaritaáskriftir í rafrænu formi voru keyptar. Þessum fjármunum var ráðstafað í náinni samvinnu við háskólakennara og /eða bókasafnsfulltrúa deildanna og skiptist í:

Gagnakaup sviða HÍ m.kr.	2019	2020
Bækur og myndefni	8.5	6.5
Tímarit	9.8	10.9
Rafrænar séráskriftir	21.6	23.2
Alls	39.9	40.7

Auk þessa greiddi Háskóli Íslands miðlægt vegna Landsaðgangs að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum og fyrir rafrænar séráskriftir að gagnasöfnunum *JSTOR*, *Science Citation Report*, *CSA* og *Scopus*.

Miðlæg gagnakaup HÍ m.kr.	2019	2020
Landsaðgangur	39.4	40.6
Rafrænar séráskriftir	11.3	12.3
Alls	50.7	52.9

Gjafir

Safninu bárust margar ritagjafir á árinu. Meðal þeirra gjafa sem bárust voru þrjú bretti af bæði skýrslum og sérprentum frá Hafrannsóknastofnun, VHS-myndbönd frá Umhverfis og auðlindaráðuneytinu og bækur og dægurprent frá Héraðsskjalasafni Austurlands. Almennings- og skólasöfn gáfu safninu talsvert af efni á árinu og er hægt að þakka vantasafni Landsbóksafns í Gegni þá aukningu. Söfnin eru dugleg að fletta upp til að athuga hvort efni vantar, þegar þau grisja sitt efni og hafa góðir gripir komið úr þeim gjöfum.

Ein veglegasta gjöfin barst frá afkomendum Jóns Helgasonar skálds og fyrrum forstöðumanns Árnasafns í Kaupmannahöfn, en þar leyndust margir dýrgripir.

Samkvæmt samstarfssamningi við Miðstöð íslenskra bókmennta fær safnið eintök af þeim þýðingum íslenskra bókmennta sem Miðstöðin styrkir og barst safninu fjöldi nýrra þýðinga á árinu.

Skylduskil

Í skylduskilum er unnið að móttöku, innheimtu og ráðstöfun nýs íslensks efnis skv. lögum um skylduskil. Þá er unnið að frágangi og aðfangaskráningu eldra efnis sem berst og reynt að útvega það sem á vantar, hvort sem um er að ræða bækur, tímarit eða annað efni, áþreifanlegt eða stafrænt. Haldið er saman tölulegum upplýsingum um blöð, tímarit, ársskýrslur, smælki og fleira (sjá Árstölur 3.2.2). Ennfremur eru sendar upplýsingar til Hagstofu Íslands um blaða- og tímaritaútgáfuna, tegundir hennar og tíðni eftir efni.

Rafhlaðan

Söfnun og varðveisla efnis sem verður til stafrænt er í sífelldri þróun og starfsfólk safnsins reynir að tileinka sér nýja þekkingu. Þessi hluti skylduskila fer vaxandi, svo sem söfnun efnis og móttaka þess og val á vefsíðum sem vefsafnanir eiga að ná til. Þetta efni er annars vegar aðgengilegt í *rafhladan.is* sem er varðveislusafn fyrir útgefið íslenskt efni sem verður til stafrænt, eða á *tímarit.is*, sem hýsir bæði stafrænt efni og stafrænar endurgerðir. Lýsigögn verkanna í Rafhlöðunni eru afrituð úr Gegni með vélrænum hætti og efnið er ýmist sótt af starfsfólki safnsins eða að stofnanir, einstaklingar og fyrirtæki senda inn efni. Í safninu voru 24.012 einingar í lok árs og höfðu 7.637 bæst við á árinu.

Vefsafnanir

Íslenskum vefsíðum er safnað reglulega í *vefsafn.is*. Enn sem fyrr er safnað þrisvar á ári öllu sem er á léninu .is ásamt völdum erlendum lénnum. Sömuleiðis

eru gerðar vikulegar safnanir, einkum af síðum miðla sem breytast ört. Fjöldi vefja í reglulegri söfnun eru um níutíu. Þá er og safnað efni af öðrum lénnum en .is, einkum efni er varðar Ísland og Íslendinga erlendis. Slíkar slóðir voru 2.198 um áramót. Viðburðasafnanir voru tvær, vegan sveitarstjórnarkosninga og heimsmeistaramóts karla í knattspyrnu. Nú eru rúmlega 4.4 milljarðar skjala í safninu sem samtals nema um 100 terabæt. Fjöldi vefsetra sem tilheyra .is voru í árslok rúmlega 65 þúsund. Tölur hafa verið endurskoðaðar.

Innheimta og gjafir

Eins og áður voru keyrðir listar úr Gegni til að fylgjast með útgáfu sem önnur söfn eiga, en Lbs-Hbs ekki. Einnig er fylgst með bókafréttum í dagblöðum, *Bókatiðindum*, fréttum og á netinu til að hafa upp á efni, bæði prentuðu og á rafrænu formi, sem og hljóðefni. Þá berast oft ábendingar um rit sem vantar. Prentun íslenskra rita erlendis fer vaxandi. Prentsmiðjan Oddi hætti að framleiða innbundnar bækur á árinu. Skilin hafa því færst að nokkru frá íslenskum prentsmiðjunum til útgefenda. Hringingar og tölvupóstar eru helstu innheimtuaðferðir. Reglulega er sótt til ákveðinna prentsmiðja og útgefenda sem þess hafa óskað, til að liðka fyrir skilum. Nokkuð barst af íslensku gjafaefni frá einstaklingum og stofnunum.

Tímarit og greiniskráning

Tímaritahald sér um innkaup, skráningu og umsýslu tímarita safnsins og Háskóla Íslands. Ákvarðanir um hvaða efni er keypt fyrir skólann eru að mestu hjá kennurum og miðast við það fé sem einstakar deildir ákveða til ritakaupa. Á árinu 2020 voru 349 tímaritaáskriftir greiddar af HÍ og 280 af ritakaupafé safnsins, samtals 629 titlar. Að auki koma enn mörg tímarit að gjöf, en þeim fer fækkandi. Umsjón með skráningu tímaritsgreina í Gegni er einnig í höndum faghópsins sem og skráning og umsýsla ársskýrslna. Um 170 tímarit eru greiniskráð að staðaldri í Gegni og um skráninguna sjá 11 aðildarsöfn Gegnis, hvert eftir sínu fræða- eða áhugasviði. Af þeim sér Lbs-Hbs um greiniskráningu um 125 titla. Huga þarf að samræmi við skráningu á *tímarit.is*, en greiniskráning í Gegni er forsenda þess að titlar greina birtist rétt á *tímarit.is*. Unnið er að grisjun eldri erlendra tímarita í geymslum safnsins.

Finna tímarit

Skráin um rafræn tímarit, *Finna tímarit* frá ExLibris, er notuð af öllum háskólasöfnum í landinu. Í skránni eru tenglar við rafræn tímarit, bæði þau sem eru í Landsaðgangi og í séráskriftum háskóla, auk fjölda

tímarita sem eru í opnum aðgangi. Samtals eru þar um 30 þúsund titlar.

Alþjóðlegt bóknúmer ISBN

Úthlutað var 74 númeraröðum á árinu og 222 stökum númerum. Heildarskrá yfir íslenska útgefendur, sem send var til alþjóðaskrifstofunnar í júlí, inniheldur 5.755 færslur að meðtöldum upplýsingum um einstaklinga sem fá stök ISBN númer.

Alþjóðlegt tímaritsnúmer ISSN

Úthlutað var 202 ISSN númerum á árinu, að meirihluta fyrir tímarit í stafrænni endurgerð á *timarit.is*. Heildarfjöldi færslna fyrir íslensk tímarit í ISSN skránni var um áramót 3.719 færslur.

Alþjóðlegt nótnúmer ISMN

Úthlutað var 2 númeraröðum og 7 stökum ISMN númerum á árinu. Frá upphafi hefur verið úthlutað 27 númeraröðum og 47 stökum númerum. Skrá yfir íslenska útgefendur sem haldið er saman fyrir alþjóðaskrifstofuna innihélt 64 færslur um áramót.

Bókaskráning

Meginverkefni faghópsins er að flokka, efnisgreina og skrá það efni sem tekið er inn í Gegni, bæði prentað og rafrænt. Um er að ræða íslenskt efni sem berst í skylduskilum, efni sem keypt er fyrir safnið sjálft og fyrir Háskóla Íslands og bækur sem berast í gjöfum. Skráning á rafrænu efni fer sífellt vaxandi. Einnig eru skráðir kaflar eða greinar í íslenskum safnritum og úr erlendum bókum sem innihalda efni er varðar Ísland eða er eftir Íslendinga. Allir skrásetjarar taka þátt í því að greiniskrá úr tímaritum. Í lok árs var hætt að gefa efnisorð á lokaritgerðir frá HÍ, sem varðveittar eru í Skemmunni.

Tiltektafærslur og lagfæringar

Unnið var að ýmsum lagfæringum og leiðréttingum í Gegni, m.a. vegna gagnabreytinga og innleiðingar nýs bókasafnskerfis. Þá er árlega eitthvað um endurflokkun. Rafrænt efni sem hýst er í Rafhlöðunni er skráð jafnóðum. Tiltektafærslur í geymslum Þjóðar-bókhöfðu skiluðu heilmiklu efni til skráningar. Hluti af því fór í öskjur í Íslandssafni fyrir dægurprent. Þá var einnig gert átak í skráningu sérprenta. Doktoraskrá er einn af fjölmörgum sérvefjum safnsins og inniheldur lokaritgerðir þeirra Íslendinga sem lokið hafa doktorsprófi. Markmiðið er að leggja þennan vef af og færa yfir í bókasafnskerfið. Fara þarf yfir skráninguna og samræma, og skrá þær ritgerðir sem ekki eru til í safninu eða eru einungis rafrænar. Þegar því er lokið má leggja vefinn niður. Þær ritgerðir sem nú bætast við eru einungis skráðar í Gegni. Ekki er lengur gerð

sérstök leit að doktorsritgerðum erlendis, en þær ritgerðir sem berast eru skráðar. Doktorsritgerðir frá Háskóla Íslands eru skráðar jafnóðum.

Útgáfuskrá, bókfræðistjórn og gæðaeftirlit

Skrá um íslenska útgáfu er dregin úr Gegni og birt á *utgafuskra.is*. Skráin er uppfærð vikulega og bókfræðifærslur sem eiga að birtast eru kóðaðar og gögnin leiðrétt. Bókfræðileg stjórn Gegnis fer fram í svokölluðum nafnmyndagrunni og sú vinna er nær öll á hendi skrásetjara Lbs-Hbs. Í nafnmyndagrunni birtast tilvísanir mannanafna, landfræðiheita, stofnananafna og almennra efnisorða. Þar eru alnafnar aðgreindir og samræmdar nafnmyndir fyrir sígild verk eins og Biblíuna og ýmis fornrit. Áfram var unnið að ýmsum verkefnum til að auka gæði og bæta leitarheimtur s.s. sameiningar á tvöföldum færslum, samræmdri skráningu ritraða, efnisorðavinnu og kóðun.

Fyrsta Morgunkorn Upplýsingar á nýju ári var haldið 23. jan. í Borgarbókasafni í Grófinni. Rósa Björg Jónsdóttir, fagstjóri hljóð- og myndskráningar sagði frá vantanasafni Lbs-Hbs, en um það bil ár er síðan farið var stað með það verkefni. Rósa Björg sagði frá hlutverki og tilurð safnsins og hvernig það hafi reynst, og hvernig hinn almenni notandi eða bókasöfn geta nýtt sér það við grisjun á efni og til að koma efni sem vantar til bókasafnanna. Sjá á [YouTube](#).

Skráningarþjónusta

Safnið býður nú upp á skráningarþjónustu gegn gjaldi fyrir söfn og stofnanir þar sem aðföng eru lítil. Í þjónustunni felst flokkun, skráning og tenging rita í Gegni. Einnig kjálmerking sé þess óskað. Nokkur söfn nýttu þessa þjónustu á árinu.

Hljóð- og myndskráning

Faghópurinn sér um skráningu efnis sem er á öðru formi en prentuðu. Meginviðfangsefnið er skráning hljóðrita og kvikmynda, en einnig eru skráðar nótur, hljóðbækur, rafbækur, spil og margmiðlunargögn. Þá sér hópurinn um að kóða bókfræðifærslur sem eiga að birtast á *utgafuskra.is*, fara yfir skráningu og leiðrétt gögn ef þess þarf.

Hljóðsafn

Unnið var að því að bæta upplýsingum í gamlar skráningarfærslur hljóðrita í Gegni og lagfæra vegna *hljodsafn.is*. Í hljóðsafni eru vistuð stafræn afrit af hljómplötum, diskum, snældum og vefútgáfu til varanlegrar varðveislu, en skráning í Gegni þarf að vera í samræmi við það efni sem skráð er í hljóðsafnið. Gert var átak í skráningu rafrænna hljóðbóka sem eiga að varðveitast í hljóðsafni og voru skráðar um 550 bækur á síðustu mánuðum ársins.

Kvikmyndir

Kvikmyndasafn Íslands tekur við skilaskyldum íslenskum kvikmyndum og þáttum, en Lbs-Hbs fær myndbönd og mynddiska í almennri dreifinu. Töluvert hefur borist af myndböndum í gjöfum til safnsins og hefur verið lögð áhersla á að uppfæra kóðasvið og skráningarfærslur á þessu efni svo færslurnar standist nútímakröfur og skráningareglur. Áfram var haldið með tiltekt á gömlum VHS skráningarfærslum og erlendum færslum eytt, ef ekkert eintak var eftir á söfnum landsins. Auk þess fengu færslur fyrir íslenskt efni andlitslyftingu og skráð vöntun á eintök þar sem við átti, þannig að efnið fer á s.k. vantanaskrá.

Rafhlöðun

Faghópurinn hefur umsjón með skráningu í Rafhlöðuna, en þar er vistað efni sem gefið er út á rafrænu formi, einkum pdf-skjöl, epub og mobi. Efnið er að öllu jöfnu skráð í Gegni og færslan flutt yfir í Rafhlöðuna með vélrænni keyrslu. Hópurinn sér um að kóða bókfræðifærslur sem koma frá öðrum söfnum og eiga heima í Rafhlöðunni, en þessi vinna er unnin í samstarfi við umsjónarmann Rafhlöðunnar í skylduskilum. Jafnframt er farið yfir skráningar á öllu rafrænu efni í Gegni og gögn leiðrétt ef þess þarf.

Gæðastjórn Gegnis

Gæðastjórn Gegnis er unnin í nánú samstarfi við Landskerfi bókasafna. Safnið á tvo fulltrúa í skráningarráði Gegnis, Helgu Kristínu Gunnarsdóttur og Hallfríði Hr. Kristjánsdóttur. Ragna Steinarsdóttir er fulltrúi safnsins í efnisorðaráði og er jafnframt ritstjóri efnisorða. Bæði ráðin starfa á vegum Landskerfis bókasafna. Safnið á einnig tvo fulltrúa í gæðahópi Gegnis en hann gegnir lykilhlutverki við þróun og þegar kemur að prófunum á nýjum uppfærslum og útgáfum kerfisins, þ.m.t. *leitir.is*. Safnið heldur úti sérstöku netfangi gegnir@landsbokasafn.is til að taka við beiðnum um leiðréttingar og öðrum erindum sem varða skráningu í bókfræði- og nafnmyndagrunn Gegnis. Gæðastjóri og fagstjórar skráningar sjá um afgreiðslu á þeim málum sem berast þannig. Að meðaltali bárust 14 erindi á mánuði árið 2020.

Handbók skrásetjara Gegnis

Safnið heldur úti Handbók skrásetjara Gegnis (HASK), sem er veflægt vinnutæki allra skrásetjara í landinu og er aðgengileg á vefnum hask.landsbokasafn.is. Gæðastjóri er ritstjóri handbókarinnar, en í ritstjórn sitja að auki fjórir skrásetjarar Lbs-Hbs. Handbók skrásetjara er uppfærð reglulega í samræmi við

alþjóðlegar skráningarreglur og staðla og ákvarðanir skráningarráðs Gegnis. Handbókin var endurhönnuð í kjölfar innleiðingar á nýjum skráningarreglum, RDA, og hefur mikil vinna farið í að uppfæra innihald og leiðbeiningar. Árið 2020 var leiðbeiningum um skráningu í nafnmyndagrunn Gegnis bætt við þær leiðbeiningar sem fyrir voru um skráningu í bókfræðigrunninn. Þá var vefurinn sérstaklega uppfærður m.t.t. rofinna vefslóða og samræmis milli ólíkra kafla í handbókinni. Heimsóknir á vefinn á árinu voru rúmlega 8.000 og flettingar tæplega 49.000.

Helstu verkefni ársins

Nýjar alþjóðlegar skráningarreglur, RDA, hafa nú að fullu verið innleiddar í bókfræðiskráningu í Gegni og að hluta í nafnmyndaskráningu. Árið 2020 var lögð áhersla á að aðlagða nafnmyndagrunninn betur að RDA reglunum og auðga nafnmynda færslur. Fyrir liggur að endurskoða þarf séríslensk frávík frá MARC21 gagnasniðinu, sem hafa verið notuð við nafnmynda-skráningu í Gegni hingað til.

Reglur um bókfræðifærslur sem sóttar eru í önnur kerfi voru uppfærðar og mest áhersla lögð á færslur fyrir rafrænt efni sem er ýmist flutt inn í bókfræðigrunninn eða virkjað í *leitir.is* eftir öðrum leiðum. Talsverð vinna var lögð í að bæta notendaviðmótið og leitargrunninn í *leitir.is*. Ýmsir gallar, s.s. framsetning mannanafna, íslensk stafrófsröðun í flettilistum og vandamál tengd birtingu greinifærslna voru skjalfest og tekin skipulega fyrir með Landskerfi og ExLibris. Sum málin leystust farsælega, en önnur eru enn í vinnslu eða bíða nýs kerfis. Á árinu hófst vinna við undirbúning nýs bókasafnakerfis frá ExLibris, Alma, sem tekið verður í notkun um mitt ár 2022.

Fræðsla og alþjóðleg samvinna

Skilyrði fyrir skráningarleyfi í Gegni er að sótt sé þriggja daga námskeið sem haldið er reglulega á vegum Landskerfis og sér gæðastjóri Gegnis um kennsluna. Fræðslufundur fyrir skrásetjara eru að jafnaði haldnir einu sinni eða tvisvar á ári í Þjóðarbókhöðun og eiga starfsmenn skráningar og gæðastjóri Gegnis drjúgan þátt í mótun dagskrár og flutningi erinda. Árið 2020 var haldinn einn fræðslufundur að hausti og var hann alfarið rafrænn. Öll alþjóðleg samvinna s.s. árlegur EURIG fundur var með fjarfundasniði. Gæðastjóri sótti, frá ágúst og fram í desember, vikuleg vefnámskeið á vegum ALA (American Library Association), um nýtt RDA-toolkit og breytingar á RDA skráningarreglunum, sem verða innleiddar í Gegni á næstu misserum.



Efni í geymslu safnsins í Mjódd, fyrir breytingar.

Varðveisla og stafræn endurgerð

Sviðið ber ábyrgð á varðveislu íslensks safnkosts, þ.e. handritum og einkaskjölum, sérsöfnum og öllu útgefnu íslensku efni skv. lögum um skylduskil, nema kvikmyndum, útvarps- og sjónvarpsefni. Sviðið hefur umsjón með forvörslu, bókbandi, umbúnaði, stafrænni endurgerð, útlánnum á lessal, ásamt annarri þjónustu við þá safngesti sem nota safnkostinn. Í lok ársins voru 21 starfsmenn, en ársverk voru 18,33, ellefu karlar og tíu konur. Sviðsstjóri er Örn Hrafnkelsson.

Forvarsla og bókband

Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Forvörður er einnig til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakostsins. Megináhersla síðustu ára hefur verið að bæta umbúnað handrita með því að skipta út gömlum umbúðum fyrir nýjar hentugri umbúðir úr sýrufríu efni. Drjúgum tíma hefur verið varið í verkefnið PaperTrails, samstarfsverkefni sem styrkt er af Rannís og fjallar um íslenska bóksögu 16. og 17. aldar. Haustið 2020 notaði Rannver H. Hannesson forvörður mánaðartíma í rannsóknarleyfi, til athugana á teikningum Sæmundar Magnússonar Hólm (1749–1821) á dönskum söfnum.

Á undanförunum árum hefur verulega dregið úr bókbandi á nýjum ritum en vægi viðgerða og endurbands gamalla bóka og handrita úr eigu safnsins hefur aukist til muna. Árið 2020 störfuðu við safnið tveir bókbindarar, báðir í skertu starfshlutfalli. Bókbandsverk 2020 voru alls 16.100 (25.698) einingar, (sjá árstölur 5.4) og fækkaði þeim verulega m.a. vegna Covid-19.

Myndastofa

Stafræn endurgerð er fastur liður í starfsemi safnsins og árlega bætist við, en mismunandi eftir efnisflokkum. Í myndastofu er unnið að stafrænni endurgerð blaða, tímarita, bóka, handrita og annars efnis, myndatökum að beiðni notenda og vegna sýninga og

viðburða í safninu. Eins og undanfarin ár voru tímarit meginhluti þess efnis sem myndað var á árinu. Teknar voru 176.698 (152.743) myndir. Ítarlegri upplýsingar um myndað efni eru í töflu 5.5 í kafla um árstölur.

Alls voru komnar um 5.57 milljónir mynda á *timarit.is*, en um 115 þús. bls. bættust við á árinu. Á *bækur.is* var fjöldi rita orðinn 1.850 eða um 550 þús. bls. Á vefnum *handrit.is* eru alls um 2.800 mynduð handrit og þar af á Lbs-Hbs um 1.825 handrit og um 533 þús. bls. Á *islandskort.is* eru 787 kort frá árunum 1544–1951 og um 1056 útgáfur. *Íslensk bókaskrá 1534–1844* er tengd við *bækur.is*, þannig að nákvæmar bókfræðifærslur tengjast hverri bók. Nokkur kostuð verkefni voru unnin, aðallega tengd *timarit.is*, en sóst er eftir ritrýndum íslenskum tímaritum og tímaritum sem koma ekki lengur út. Sjá árstölur 5.5.

Handritasafn

Meginhlutverk er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita og skjala sem ekki heyra undir lögbundin skil til Þjóðskjalasafns eða Héraðsskjalasafna. Starfsfólk sinnir skráningu, flokkun og frágangi, annast kynningar fyrir nemendahópa og aðra gesti, heldur erindi og ritar greinar, þjónustar safngesti á lessal, sinnir upplýsingaþjónustu, vinnur að sýningum og heldur úti síðu á samfélagsmiðlum til að kynna starfsemina, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Útlán

Alls voru skráð 2.856 (3.460) útlán á lestrarsal, sem er talsverð fækkun, aðallega vegna Covid-19.

Millisafnalán

Lánuð voru úr handritasafni 11 handrit og sex filmur. Mest var til Árnastofnunar, en einnig til Þjóðskjalasafns.

Til handritasafns komu fimm lán, þrjú skjöl frá Þjóðskjalasafni, eitt frá Árnastofnun og ein askja frá Héraðsskjalasafni Árnesinga.

Aðföng

Skráðar voru 76 (94) afhendingar í aðfangabók á árinu, handrit (8) og einkaskjalasöfn (68). Meðal aðfanga voru ljóðahandrit úr Vesturheimi (Lbs 5065 8vo), gögn frá Gljúfrasteini er varða Halldór Laxness og Auði Sveinsdóttur Laxness (Lbs 2020/45), úrklippubækur Guðrúnar Helgadóttur rithöfundar og þingkonu (Lbs 2020/14), einkaskjalasafn Árna Björnssonar þjóðháttafræðings (Lbs 2020/37), gögn úr fórum Bjarna Benediktssonar frá Hofteigi (Lbs 2020/43), einkaskjalasafn Gísla Pálssonar prófessors í mannfræði (Lbs 2020/53), einkaskjalasafn Bjarna Einarssonar handritafræðings (Lbs 2020/59), gögn Breiðfirðingafélagsins (Lbs 2020/61), svo fátt eitt sé nefnt. Þá komu ýmis einkaskjalasöfn úr fórum Leikminjasafns.

Vegna Covid-19 faraldursins var sett tilkynning á Facebook síðu handritasafns og á heimasíðu safnsins þar sem fólk var hvatt til að senda inn heimildir um áhrif faraldursins á sitt daglega líf. Nokkuð var um að fólk sendi inn frásafnir og hugleiðingar.

Skráning

Skráningu í handritasafni má skipta í þrennt:

1. Skráning úr aðfangabók. Handrit og einkaskjöl

Handrit – Áfram var unnið að skráningu úr aðfangabók fyrir tímabilið eftir 1964. Á árinu var 53 handritum bætt við óprentaða handritaskrá, bæði úr gömlum og nýjum aðföngum. Í árslok voru 1.684 (1.631) handrit í skránni. Þó nokkur frátekin handritsnúmer eru í skránni frá fyrri árum, sem á eftir að fylla upp í. Af þessum 1.684 handritum er búið að skrá 1.666 (1.590) á *handrit.is*, en hafa ber í huga að þar er handritum stundum skipt í hluta (a-b) sem eykur fjölda eininga sem skráðar eru. *Einkaskjöl* – Áfram var unnið að skrá yfir einkaskjalasöfn (NF-skrá) og voru færðar inn upplýsingar um skjalamyndara (fæðingar- og dánarár, stöðu, aðfangadagsetningu, umfang o.fl.). Í árslok 2020 voru söfnin í skránni orðin 1.237 talsins.

2. Skráning úr prentuðum handritaskrá á *handrit.is*

Haldið var áfram skráningu handrita úr prentuðum skrá á *handrit.is*. Lögð var áhersla á skráningu kvæðahandrita og fremstu númer áttblöðunga í safni Landsbókasafns (Lbs 8vo) og er nú komin samfelld skráning fyrstu 300 handritanna í því safni. Þá voru skráð og mynduð ýmis handrit vegna tilfallandi pantana fræðimanna og gesta (sjá um myndun handrita neðar).

3. Nýskráning handrita og einkaskjala

Handrit – Þau handrit sem bárust til safnsins á árinu voru skráð í óprentaða handritaskrá og á *handrit.is*. *Einkaskjöl* – Þau einkaskjalasöfn sem bárust handritasafni á árinu voru skráð í aðfangabók og sum hver ítarlegri skráningu með rafrænum hætti. Marín Árnadóttir vann að frágangi og skráningu á safni Ármanns Jakobssonar prófessors (til viðbótar við vinnu hennar við safnkost Leikminjasafns). Einnig var veitt aðstoð við skráningu á safnkosti tónlistarsafns. Í árslok höfðu 7.947 (6.823) handrit verið skráð á *handrit.is*.

Myndun handrita

Á árinu voru mynduð 89 handrit. Vegna lokunar safnsins um nokkurra vikna skeið á árinu var ýmsum fyrirspurnum og myndbeiðnum gesta jafnframt sinnt með myndatöku af stökum síðum handrita og einkaskjala. Í árslok voru 1.847 (1.750) handrit mynduð og samtals myndaðar blaðsíður í árslok: 529.180 (498.177) sem er aukning um 31.003 blaðsíður.

Heimsóknir, kynningar og samfélagsmiðlar

Á árinu var minna um heimsóknir og kynningar vegna Covid-19, en þó náðust fjórar kynningar. Samfélagsmiðlar voru notaðir til að kynna áhugavert efni úr fórum handritasafns. Fésbókarsíðan var með 1.527 fylgjendur í árslok 2020.

Rannsóknaverkefnið Paper Trails

Safnið tók áfram þátt í Rannísverkefninu *Paper Trails (Pappírsslóð rakin)* en það er í umsjón Þórunnar Sigurðardóttur hjá Árnastofnun. Halldóra Kristinsdóttir og Rannver H. Hannesson hafa tekið þátt í verkefninu ásamt Jóni Kristni Einarssyni, sem var ráðinn nemi við verkefnið í upphafi. Vinnan fólst meðal annars í skráningu handrita, en einnig í undirbúningi ráðstefnu og sýningar sem til stóð að halda í maí 2020, en var frestað vegna vegna Covid-19.

Vefur um Jónas Hallgrímsson

Vefur um Jónas Hallgrímsson var endurnýjaður og opnaður á ný á Degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir vann að vefnum og að gagnagrunninum *Skrá yfir þýðingar Íslendingasagna*.

Nemendavinna

Arnheiður Steinþórsdóttir vann að verkefninu *Handrit kvenna dregin fram*. Greining og skráning á handritum kvenna í Lbs-Hbs 1600–1900 með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Filippía Huld Helgadóttir vann við flokkun, frágang og skráningu einkaskjalasafns Sigurbjörns Einarssonar biskups (1911–2008) fyrir tilstilli átaks á vegum stjórnvalda um sumarstörf fyrir námsmenn.

Covid-19

Vegna takmarkana á samkomum í Covid-19 faraldrinum var sett tilkynning á Facebook síðu handritasafns og á vef safnsins þar sem fólk var hvatt til að senda inn heimildir um áhrif faraldursins á sitt daglega líf. Tilkynningin fékk nokkra athygli fjölmiðla og efni skilaði sér inn.

Íslandssafn

Meginhlutverk Íslandssafns er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, búa í hendur notendum og varðveita handa komandi kynslóðum, og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Afgreiðsla Íslandssafns er á 1.h. Þar eru veittar upplýsingar og prentuð rit sótt fyrir notendur til afnota á lestrarsal. Meðal fastra verkefna hvers árs er að fara yfir safnkostinn og eldri ritum sem safninu hefur áskotnast bætt við. Samkvæmt eintaksupplýsingum úr Gegni voru strikamerkjæiningar í Íslandssafni árið 2020 208.657 (204.962) og bættust við á árinu 3.695 einingar.

Gestir Íslandssafns

Gestir á lestrarsal 1.h. árið 2018 voru 2.002 (3.444) skv. skráningu í gestabók, en þessa miklu fækkun má rekja til Covid-19 faraldursins.

Stafræn endurgerð fyrir timarit.is

Í Íslandssafni er sífellt unnið að því að bæta við titlum tímarita og dagblaða á vefinn *timarit.is* en stefnt er að því að flest tímarit og dagblöð sem ekki eru lengur í útgáfu verði birt á vefnum. Jafnframt eru á hverju ári gerðir nokkrir samningar um stafræna endurgerð við útgefendur tímarita sem enn eru gefin út. Árið 2020 bættust 96 (97) tímaritstitlar við vefinn eða 181.336 (147.092) bls. Heildarfjöldi blaðsíðna í árslok var 5.994.277 (5.766.814) bls.

Varaeintakasafn í Reykholti

Varaeintakasafn Íslandssafns er varðveitt í Reykholti og þar eru hýst varaeintök hvers árs af bókum, tímaritum, dagblöðum og dægurprenti. Varaeintök af tónlist, myndefni og tölvuefni eru varðveitt í Þjóðar-bókhöfðu. Í Reykholti er starfsmaður í hálfu starfi við að ganga frá því efni sem berst úr aðalsafni einu sinni á ári, venjulega að vori. Auk þess liggur þar töluverður forði af tímaritum og skýrslum frá því fyrir 2005, sem ekki hefur verið eintakstengdur. Þegar gengið hefur verið frá sendingu hvers árs, er unnið við að eintakstengja og raða tímaritunum. Árið 2020 bættust við 5.308 (3.774) strikamerkjæiningar við varaeintakasafnið, eða u.þ.b. 112 hillumetrar. Fjöldi strikamerkjæininga í árslok 2020 var 144.823 (139.515) og um 573 lausir hillumetrar. Farið var í nokkrar vinnuferðir í Reykholt og haldið var áfram við að pakka tímaritum og tengja inn eldra efni í Gegni.

Ritakaup og gjafir

Íslandssafni ber að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga og afla þess. Á það bæði við um prent og annað útgefið efni. Oftast þarf að kaupa þessi verk og þau eru talin með öðrum ritakaupum. Reynt er að fylla í eyður og var unnið úr gjöfum sem borist hafa. Einnig var nokkuð um að starfsmenn Íslandssafns fóru í bókasöfn stofnana og fyrirtækja sem lögð voru niður, og fóru í gegnum safnkost þeirra og tóku inn á Íslandssafn eða varaeintakasafn það sem vantaði þar.

Seðlabanki Íslands

Á árinu var lokið við að taka á móti efni úr bókasafni Seðlabanka Íslands, og unnið úr því. Um er að ræða safn prentaðra bóka, gamalla Íslandskorta, safn íslenskra blaða og tímarita, safn smáprenta stjórnmalaflokka og safn ævi- og erfiminninga, og voru þetta alls 70 vörubretti. Áður hefur Seðlabanki Íslands afhent Landsbókasafni safn erlendra ferðabóka og náttúrufræðiritum um Ísland. Hið afhenta er nú eign Lbs-

Hbs og verður í nokkrum tilfellum varðveitt sem sérstakar safndeildir innan safnsins. Annað verður notað til að fylla upp í safnkostinn eða skipta út snjádum og slitnum eintökum í safninu, eða ráðstafað með öðrum hætti.

Sérsöfn

Hlutverk einingarinnar er að halda utan um ýmis sérsöfn og veita aðgang að þeim auk annarra verkefna. Skilgreind sérsöfn eru 21 og eru þau misstór, sbr. töflu sem er unnin úr Gegni um fjölda eintaka í hverju safni.

Sérsöfn	2018	2019	2020
Benediktssafn	7.570	7.570	7.573
Bókbindarasafn	318	366	378
Bókminjasafn	938	942	942
Bókverkasafn	410	494	567
Davíðssafn	892	892	892
Einarssafn	766	766	766
Erlent fágæti	10.301	10.315	11.097
Fiskesafn	1.237	1.239	1.239
Johnsenssafn	97	97	97
Steffenssafn	7.111	7.203	7.211
Kortasafn	2.132	2.154	2.178
Kristmannssafn	221	224	221
Laxnesssafn	1.062	1.083	1.093
Lárusarsafn	587	587	587
Nonnasafn	738	741	735
Ragnar Þorsteinsson	1.296	1.296	1.296
Ferðabókasafn Seðlabanka	2.805	2.805	2.807
Safnahús	54	54	54
Sænska safnið	1.785	1.785	1.785
Watsonsafn	1.287	1.285	1.285
Þorsteinssafn	1.764	1.766	1.768
Samtals	43.371	43.664	44.571

Eitt af helstu verkefnum ársins var frágangur og ítarskráning fornra íslenskra bóka til myndunar fyrir *bækur.is*. Í árslok 2020 voru 2.190 (2.038) titlar aðgengilegir í 2.675 (2.510) bindum, samtals 545.463 (516.986) bls. Lokið var við að mynda allt prentað efni til ársins 1850 og vinna við nýrra efni hafin.

Önnur verkefni fólust aðallega í því að yfirfara ýmislegt eldra efni, fletta upp og farga, t.d. skýrslusafn þjónustusviðs og úr safni Seðlabanka Íslands.

Kvennasögusafn

Kvennasögusafn, sem var stofnað 1. janúar 1975, varð hluti af Lbs-Hbs árið 1996 og flutti í Þjóðarborghlöðu. Haldið var upp á 45 ára afmæli þess í upphafi árs og af því tilefni var viðtal við Ragnhildi Hólmgeirsdóttur um starfsemi og sögu Kvennasögusafns í Mannlega þættinum á RÚV 8. jan. Ragnhildur leysti af forstöðukonu í fæðingarleyfi, en Emma Björk Hjálms-

arsdóttir vann að frágangi einkaskjala sem sumarstarfsmaður. Í stjórnarnefnd voru Ragnheiður Kristjánsdóttir af hálfu RIKK, Vilborg Eiríksdóttir af hálfu Kvenfélagsambands Íslands og Bragi Þorgrímur Ólafsson af hálfu Lbs-Hbs.

Fyrirspurnir og heimsóknir

Skráðar voru 131 (152) fyrirspurnir, sem bárust á árinu eftir ýmsum leiðum; símleiðis, í tölvupósti, heimsóknum og gegnum samfélagsmiðla. Þar af voru 15 (20) karlar og 116 (132) konur. Flestar fyrirspurnir koma frá Íslendingum. Yfirleitt voru það fjölmiðlar í leit að upplýsingum um jafnréttissögu Íslands. Í gestabók rituðu 66 (132) einstaklingar. 47 (31)) fengu gögn í lán á lestrarsal, 5 (8) karlar og 42 (23) konur. Þá voru um 66 útlán gagna á lessal samkvæmt talningu Gegnis, en 22 einkaskjalsöfn sem ekki voru strikamerkt voru skráð í útlán. Áfram er unnið við að strikamerkja safnkostinn, svo útlán kvennasögusafns verði betur skráð. Vegna Covid-19 var töluvert um að efni var skannað og sent í tölvupósti til þeirra sem unnu að rannsóknum, í stað hefðbundinna útlána.

Aðföng og skráning

Alls voru 13 einkaskjalsöfn afhent á árinu en auk þess komu aðrar gjafir s.s. bækur og tímarit. Gjöfunum er ráðstafað eftir því sem þykir henta best hverju sinni. Af nýjum aðföngum má nefna ástarbréf Guðrúnar Lárusdóttur og Sigurbjörns Á. Gíslasonar, skjöl Guðrúnar Ágústsdóttur og Álfheiðar Ingadóttur varðandi Kvennaathvarfið og einkaskjalsafn Öddu Báru Sigfús-dóttur, veðurfræðings og stjórnmalakonur. Ítarlegri lista yfir afhendingar ásamt upplýsingum um flest skjalsöfn sem eru varðveitt á kvennasögusafni má finna á vefnum *kvennasogusafn.is*. Nítján einkaskjalsöfn voru nýskráð á árinu, en skráning og umbúnaður 11 slíkra safna var endurbættur. Þau eru einnig skráð á vefinn *einkaskjol.is*.

Vefir og samfélagsmiðlar

Kvennasögusafn heldur úti vefnum *kvennasogusafn.is*, sér um síðu á Fésbók og er með Twitter reikning. Í lok árs voru 2.119 (1.924) sem líkuðu við síðuna og Twitter fylgjendur voru 507 (363). Vinsælustu færslurnar á samfélagsmiðlum voru um 90 ára afmæli frú Vigdísar Finnbogadóttur, minning um Guðrúnu Ögmundsdóttir aðgerðarsinna og Svövu Jakobsdóttur þingkonu og skáld. Uppfærð vefsíða kvennasögusafns var opnuð 19. júní og á henni er skjalaskrár kvennasögusafns gerð betri skil en áður. Í lok árs voru 185 skjalaskrár einkaskjalsafna aðgengilegar á vefnum.

Sérverkefni

Á árinu var unnið að sérstökum skjalavef um Rauðsokkahreyfinguna með styrkjum frá mannrétt-

indaráði Reykjavíkur og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Emma Björk Hjálmarsdóttir var ráðin í september til að vinna að verkefninu í 25% starfi. Gert er ráð fyrir að vefurinn opni í lok árs 2021.

Kynjaþing

Hið árlega Kynjaþing fór fram í nóvember og var framlag kvennasögusafns pallborð um nýútgefna bók, *Konur sem kjósa* með höfundum bókarinnar. Í bókinni er m.a. vísað í skjöl frá kvennasögusafni, ásamt myndum af þeim. Pallborðið er aðgengilegt á Youtube.

Fjölmiðlar

Ragnhildur Hólmgeirsdóttir var í viðtali í Mannlega þættinum á Rás 1 á RÚV vegna 45 ára afmæli safnsins og einnig í blaðinu *Grapevine*, undir liðnum „Ask an Historian“ en viðtalið bar titilinn „The Legacy Of Iceland's Red Stocking Women“. Þá kom út greinin „Frá kommóðu til kvennasögusafns: skjöl Elínar Briem“ í tímaritinu *Sögu* haustið 2020 eftir Ragnhildi. Rakel Adolphsdóttir tók þátt í hollensku/mexíkósku hlaðvarpi um jafnlaunabaráttuna ásamt Brynhildi Heiðu- og Ómarsdóttur, framkvæmdastýru Kvenréttindafélags Íslands. Hlaðvarpið kom út í júní og er aðgengilegt á Spotify. Þá tók Samfélagið á Rás 1 viðtal við hana vegna kvenréttindadagsins 19. júní. Loks var rætt við Rakel um lengsta ástarbréfið sem finnst í Lbs-Hbs í Víðsjá á Rúv þann 2. september, en það er frá Sigurbirni Á. Gíslasyni til Guðrúnar Lárusdóttur.

Norrænt samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánnum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om Kön, sem hefur aðsetur í Gautaborg. NIKK er ein af stofnunum Norðurlandaráðs. Það kallar saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Söfnin hafa með sér óformlegan félagskap NING (Nordic Information Network Gender). Í ár fór fundurinn fram í gegnum Zoom

Hljóð- og myndsafn

Í hljóð- og myndsafni er unnið að söfnun, varðveislu, afritun og miðlun á hljóðrituðum íslenskum menningararfi og söfnun heimilda um íslenska tónmenningu.

Tónlistarsafn

Hlutverk tónlistarsafns er að safna, skrá og varðveita íslenskar tónminjar. Eftir að safnið hóf starfsemi sína í Kópavogi árið 2009 hefur varðveisla tónminja aukist til muna og hafa afhendingar á slíku efni haldið áfram eftir að safnið flutti í Þjóðarborgarlöðu 2017.

Á árinu hófst markviss vinna við að skilgreina og skrá stafrænt efni tónlistarsafns sem er um 15 TB. Það er

efni úr ýmsum verkefnum, en stærst eru: söfnun heimilda um íslenska tónmenningu Vesturheims, skráning á orgelum í íslenskum kirkjum og myndbandsviðtöl við fjölda Íslendinga, með áherslu á menningarstarfsemi. Efnið er aðgengilegt á *ismus.is*.

Ísmús gagnagrunnurinn er sameiginlegt verkefni Lbs-Hbs og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Á árinu hófst endurforritun á grunninum, og sá Trausti Dagsson forritari í Árnastofnun um verkefnið. Þá er hafin vinna við að forrita nýtt viðmót við vefsíðu tónlistarsafns, *tonlistarsafn.is*. Ennfremur er verið að setja upp sýningarskápa í almenningssými á 4. hæð fyrir sögulega muni á sviði tónmenningar. Á árinu bárust safninu 13 gjafir, nótur, hljóðritanir, tæki og fleira. Þar má helst nefna:

- ýmis gögn, tónleikaskrár, blaðaúrklippur, reikningshald og fleira frá sönghópnum Hljómeyki,
- handrit að ýmsum útsetningum Magnúsar Ingimarssonar, viðbót við áður komið efni,
- nótur, skjöl og plötur úr safni Páls Kr. Pálssonar kórstjóra og organista í Hafnarfirði.

Tón- og myndsafn

Meginhlutverk tón- og myndsafns er að safna, varðveita og veita aðgang að hljóðritum og myndefni sem gefið er út á Íslandi og safna eftir megni hljóðritum og myndefni sem Íslendingar eiga aðild að og gefið er út erlendis. Safnkosturinn er að mestum hluta varðveisluefni fengið í skylduskilum, s.s. íslensk hljóðrit (tónlist og hljóðbækur) og kvikmyndir, en þó er hluti safnkostsins gjafir og keypt efni, en undir það heyra hljóðrit Íslendinga sem gefin eru út erlendis, erlendar kvikmyndir sem Íslendingar eiga aðild að og erlendar kvikmyndir ætlaðar háskólanemum. Í tón- og myndsafni er aðstaða til að hlusta á hljóðrit og skoða myndefni og einnig er úrval af nótneftum til útláns, auk raddskráa og handbóka til notkunar á staðnum. Efni sem berst er jafnóðum skráð í Gegni.

Hljóðsafn.is

Í hljóðsafninu, stafrænu varðveislusafni Lbs-Hbs, eru stafræn afrit af hljóðplötum, snældum, geisladiskum og vefútgáfu. Tilgangurinn með hljóðsafninu er að varðveita íslenska hljóðritaútgáfu til frambúðar og bæta aðgang að hljóðritum safnsins. Hljóðrit sem komin eru úr höfundarrétti eru í opnum aðgangi á *hljodsafn.is* og einnig er hægt að hlusta á stutt hljóðdæmi efnis sem enn er í höfundarrétti. Öll hljóðritin eru aðgengileg í tölvu á 4.hæð safnsins.

Í árslok voru komnar 45.784 (42.623) hljóðskrár í *hljodsafn.is* og þar af voru 652 í opnum aðgangi (tónlist komin úr höfundarrétti eða viðtöl úr Miðstöð munnlegrar sögu) og skiptast þær þannig:

Fjöldi hljóðskráa á <i>hljodsaftn.is</i>	2019	2020
Af geisladiskum	35.236	36.535
Af netinu	4.363	6.193
Af 78 snúninga hljómplötum	655	657
Af 45 snúninga hljómplötum	9	10
Af 33 snúninga hljómplötum	96	96
Af snældum	1.872	1.889
Frá Miðstöð munnlegrar sögu	389	404
<i>Samtals</i>	42.623	45.784

Aðföng

Margar gjafir bárust á árinu og voru þessar helstar: Úr safni Sigurjóns Samúelssonar á Hrafnabjörgum voru tekin inn 238 hljóðrit (plötur og diskar); frá Tónlistarsafni Íslands voru tekin inn 220 hljóðrit; frá RÚV bárust 188 hljóðrit, að ótöldum fjölda hljóðrita sem send voru í Amtsbókasafnið á Akureyri til varðveislu; Oddgeir Eysteinnsson gaf 74 hljóðrit og 6 mynddiska auk hljóðrita sem send voru í Amtsbókasafnið; Alda Music gaf 30 hljóðrit; Jón Kr. Ólafsson 22 hljómplötur; Jón Hrólfur Sigurjónsson 21 geisladisk. Úr dánarbúi Elsu Sigfúss bárust 48 hljómplötur (78 snúninga); Héraðs-skjalasafn Svarfdæla gaf 48 hljómplötur (78 snúninga); frá Aðalheiði Sigurðardóttur bárust 11 hljómplötur (78 snúninga); úr dánarbúi Heimis Áskelssonar bárust 10 hljómplötur. Tækniskólinn gaf safninu 45 myndbönd og Hagaskóli gaf 35 myndbönd.

Tækjakaup

Keypt voru tvö heyrnartöl fyrir hlustunarstöð á 4. hæð.

Miðstöð munnlegrar sögu

Hlutverk miðstöðvarinnar er að safna munnlegum heimildum um sögu lands og þjóðar, varðveita þær, skrá og gera aðgengilegar. Miðstöðinni er ætlað að efla munnlega sögu sem aðferð í sagnfræði og standa fyrir fræðilegri umræðu um munnlega sögu. Í árslok 2020 var 161 (155) safn skráð í safnkost miðstöðvarinnar og höfðu 6 einingar bættust við á árinu.

Af áhugaverðum aðföngum má nefna: Þorvaldur Örn Árnason kennari skilaði til miðstöðvarinnar viðtölum sem hann hafði tekið 2000 og 2014 við Guðrúnu Lovísu Magnúsdóttur (f. 1922) sem var 12 barna móðir sem átti sitt líf í Vogum á Vatnsleysuströnd og við Trausta Friðbertsson (1917–2002) sem var frá Suðureyri við Sógandafjörð og átti sömuleiðis viðburðaríka ævi. Þá komu inn tvær upptökur á ómerktu 7" segulbandi frá Öldu Music sem varðveitt er í safninu. Þetta reyndust vera tvö erindi frá foreldrafundi í Laugarnesskóla 1954: 1) *Aðbúð barna í Laugarnesskóla* sem Hjörtur Kristmundsson flutti og 2) *Skólabyggingar frá sjónarhóli kennara* flutt af Helga Þorlákssyni.

Enn fremur má nefna verkefnið *Tími veirunnar – viðtöl*. Í mars 2020 þegar áhrifa Covid-19 veirunnar var tekið að gæta fyrir alvöru var ákveðið að taka viðtöl við 12

starfsmenn Lbs-Hbs um ástandið, viðhorf þeirra og hvernig þeir sjái fyrir sér að mál þróist. Síðan hefur margt gerst og ekki sér enn fyrir endann á verkefninu. Mögulega verður rætt aftur við sömu einstaklinga þegar áhrif Covid-19 dvína.

Jafnhliða daglegum verkefnum eru eldri aðföng miðstöðvarinnar afrituð eftir föngum og erindum sinnt er varða tæknilegar ráðgjöf og tækjalán. Af fyrirhuguðum verkefnum sem miðstöðin tengist, en tafist hafa vegna Covid-19 ástands, má nefna: 1) viðtöl til skrásetningar á upphafi og landnámi líftækni á Íslandi og 2) viðtöl við elstu stjarnvísindamenn íslenska. Seinna verkefnið er að frumkvæði Einar H. Guðmundssonar stjarnæðlisfræðings og Stjarnvísindafélags Íslands. Leifur Reynisson meistaranemi í hagnýtri menningarmiðlun við HÍ var í starfsþjálfun í miðstöðinni í tvo mánuði og gekk frá viðtölum, skráði og setti á stafrænt form.

Loks má nefna að ný vefsíða miðstöðvarinnar var opnuð 2020. Safnkostur er þó ekki aðgengilegur að fullu ennþá og er eldri vefsíða því aðgengileg enn um sinn af þeirri nýju.

Leikminjasafn

Á síðasta ári var undirritað samkomulag um að Þjóðminjasafn Íslands og Lbs-Hbs taki við eignum og safnkosti Leikminjasafns Íslands. Marín Levý Árnadóttir hélt áfram frágangi og skráningu á einkaskjalasöfnum frá leikminjasafni og var með aðsetur í handritasafni. Þá hófst vinna við endurgerð gagnagrunns og vefsíðu leikminjasafns. Bækur safnsins voru skráðar, og þær sem ekki eru teknar inn, færðar í bókasafn Listaháskólans eða til Vínafélags um sviðslistaarfinn. Safni Sveins Einarssonar var haldið sér. Þá var undirritaður samningur við Þjóðleikhúsið þann 4. júní um afhendingu á efni, en um er að ræða margvíslegar upptökur af leiksýningum og viðburðum á sviðinu allt frá opnun Þjóðleikhússins árið 1950, sem og leikhljóð sem gerð hafa verið í gegnum árin fyrir sýningar leikhússins. Efnið er á segulböndum, geisladiskum og VHS spólum, en auk þess eru þar stafrænar upptökur. Tæknimenn leikhússins hafa unnið með efnið í gegnum árin og það var geymt í leikhúsinu fram að þessu.

Stafrænt efni leikminjasafns, s.s. vefurinn *leikminjasafn.is* og gagnagrunnurinn *Leiksýningar og listamenn* komu í umsjón safnsins á árinu. Efnið var í einfaldri hýsingu, en hafði ekki verið sinnt eða uppfært um tíma. Það var tekið inn í safnið og öryggismál tryggð, auk þess sem hugað var að endurgerð og hönnun, bæði á vef og gagnagrunni, en verkefnið færir til næsta árs. Þá var að mestu gengið frá skiptingu safnkostsins milli Lbs-Hbs og Þjóðminjasafnsins.

Sigríður Jónsdóttir mannfræðingur var ráðin í starf sérfræðings í leikminjasafni á árinu, en hún hefur m.a. starfað sem leikhúsgagnrýnandi á Fréttablaðinu.



Opnun 11. desember 2020.

Þjónusta og miðlun

Sviðið ber ábyrgð á þjónustu við notendur, miðlun upplýsinga og safnkosts og samskiptum við Háskóla Íslands. Meginverkefni eru útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta, fræðsla og kynningar, ritakostur og vinnurými, lesherbergi, námsbókasafn, varðveislusöfnin Skemman og Opin vísindi, endurgjafarhugbúnaðurinn Turnitin og Landsaðgangur. Þjónusta tengd rannsóknum og opnum aðgangi fer vaxandi og á árinu hélt áfram innleiðing upplýsingakerfis fyrir rannsóknir á Íslandi, ÍRIS. Í lok árs voru starfsmenn sviðsins 21 og ársverk 18.1. Þar af voru fjórir nemar í 2 ársverkum. Alls voru sex karlar og fimmtán konur á sviðinu. Sviðsstjóri er Guðrún Tryggvadóttir.

Þróun í starfseminni er nokkuð sú sama og verið hefur undanfarin ár, þó ýmis verkefni sem ætlað var að ná til nýrra notenda hafi verið lögð til hliðar vegna Covid-19, en faraldurinn setti öllum samskiptum miklar skorður og hafði áhrif á starfsemi sviðsins í ýmsu tilliti. Eins og undanfarið dregur svolítið úr hefðbundinni bókasafnsþjónustu á borð við útlán, en notkun rafræns safnkosts eykst að sama skapi mikið. Heildarfjöldi söttra greina, bókarkafla og bóka í rafræn söfn sem safnið og Háskóli Íslands kaupa áskriftir að, var 713.565 gögn á árinu, sem er aukning um 170.781 gögn milli ára.

Þróunin er sumpart til marks um þær breytingar sem orðið hafa á starfsumhverfi bókasafna og staðfestir breytta upplýsingahegðun notenda, en jafnframt má leiða líkum að því að samkomutakmarkanir vegna Covid-19, lokun safnsins og stóraukið fjarnám og fjarkennsla hafi haft sitt að segja varðandi aukna notkun rafræns safnkosts á árinu. Miðlun upplýsinga og safnkosts á rafrænu formi, bæði á vef og í gagnasafninu Áttavitanum, verður þannig sífellt mikilvægari í starfsemi sviðsins og sannaði gildi sitt á árinu 2020 (sjá töflu 2.12).

Afgreiðslutími

Hefðbundinn opnunartími safnsins eru 80 tímar á viku yfir vetrartímann. Sumartími gildir jafnan frá 10. maí til 28. ágúst og er safnið þá opið 40 tíma á viku. Í ár var þetta með nokkuð öðru sniði, þar sem safnið var lokað frá 16. mars til 3. maí í samræmi við fyrirmæli sótt-varnarlæknis og aftur frá 5. okt. til 10. des. Þess utan var opnunartími ýmist skertur eða rýmkaður, eftir því sem faraldrinum vatt fram.

Þjónustuborð

Starfsfólk sviðsins manna fimm þjónustuborð, fjögur í Þjóðarbókhöllu og eitt í Lögbergi. Á 2.h. er almenn afgreiðsla, og sérhæfð upplýsingaþjónusta. Á 3.h. eru veittar upplýsingar um blaða- og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við HÍ á prenti. Á 4.h. er útlánaþjónusta og þjónusta við notendur hljóð- og myndsafns. Þar er og námsbókasafn í opnu rými en vinna við námsbókasafn er veigamikill þáttur í starfsemi sviðsins við upphaf nýs kennslumisseris í HÍ, haust og vor. Úr kjallara eru afgreidd rit sem safngestir biðja um úr geymslum. Vegna samkomutakmarkana og lokunar safnsins var þjónustan með nokkuð öðru sniði en venjulega stóran hluta af árinu. Á meðan safnið var lokað, var reynt að koma sem best til móts við þarfir notenda og þeim boðið að senda beiðnir í tölvupósti. Bækur voru sóttar í hillur, pakkað inn og notendur gátu sótt þær í vörumóttöku safnsins á tilteknum tíma. Einnig var ljósritað og skannað efni úr safnkosti, í samræmi við fyrirbyggjandi heimildir. Samtals voru 580 beiðnir afgreiddar á tímabilinu 16. mars til 27. maí og 1.364 beiðnir á tímabilinu 5. október til 31. desember 2020, alls 1.944.

Upplýsingaþjónusta og notendafræðsla

Starfsemi upplýsingaþjónustu var með nokkuð öðru sniði en undanfarin ár. Upplýsingaþjónustan var opin og erindi afgreidd eins og hægt var þann tíma sem lokun Þjóðarbókhöllu stóð yfir. Meira var um fyrirspurnir og erindi á netfang þjónustunnar eða 784. Þar af voru 612 tekin til nánari úrvinnslu en 172 vísað annað. Erindi sem bárust á netspjall jukust einnig, eða um 80% og voru 668. Samtals bárust því upplýsingaþjónustu 1.452 erindi árið 2020.

Notendafræðsla

Í upphafi vor- og haustmisseris voru kennarar Háskóla Íslands að venju hvattir til að panta fræðslu og kynningar fyrir nemendur sína. Einkum er um að ræða almenna kynningu fyrir nýnema, grunnkynningar á heimildasöfnun o.fl. á einstökum fræðasviðum/námsgreinum fyrir nemendur á fyrsta námsári, fræðslu í tengslum við verkefnavinnu og hagnýta upprifjun. Á haustönn var boðið upp á að fræðsla yrði tekin upp og gerð aðgengileg í leiðarvísasafninu Áttavitinn. Einnig eru haldin námskeið í samstarfi við ritver HÍ. Auk

fræðslu og kynninga fyrir HÍ býður safnið upp á almennar kynningar á safninu fyrir hópa, en þær féllu að mestu niður þetta árið. Fræðsla og kynningar drógust saman um 50% miðað við árið á undan og var heildarfjöldi þeirra 45. Nokkuð var um afbókanir og að fræðsla/kynningar féllu niður vegna takmarkana af völdum Covid-19. Eins og fyrri ár var einstaklingum boðið upp á stutta leiðsögn í heimildaöflun. Doktors-nemum var áfram boðin persónuleg aðstoð í notkun heimildaskráningarforritsins EndNote og mæltist það vel fyrir. Samtals 42 einstaklingar nýttu sér aðstoð sérfræðinga sviðsins á árinu 2019.

Ritver og Verkefnavaka í Þjóðarbókhöllu

Ritver Háskóla Íslands er með afgreiðslu í Þjóðarbókhöllu. Þar sinna starfsmenn ritvers ráðgjöf við fræðileg skrif alla virka daga. Mjög dró úr þessari viðveru á árinu vegna Covid-19 og árleg Verkefnavaka HÍ, sem var haldin var í fyrsta sinn í Þjóðarbókhöllu 2016, féll niður. Verkefnavakan er samstarfsverkefni náms- og starfsráðgjafar, ritvers og bókasafna HÍ.

Leiðarvísasafnið Áttavitinn

